

LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA



Starfsskýrsla  
**2021-22**

# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



**Umsjón:** Þórey S. Þórðardóttir

**Umbrot, myndvinnsla og hönnun:** Þórhallur Kristjánsson

**Kápumynd:** Íslenskar fífur

**Ljósmyndari:** Aubrey Ann Wood

# Efnisyfirlit

|                                                      |    |
|------------------------------------------------------|----|
| Ávarp stjórnarformanns .....                         | 4  |
| Stjórn og starfsfólk .....                           | 10 |
| Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....            | 12 |
| Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins .....     | 13 |
| Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2021 .....     | 14 |
| Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2021 .....   | 20 |
| Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....       | 26 |
| Áhættunefnd .....                                    | 26 |
| Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....   | 30 |
| Réttindanefnd .....                                  | 35 |
| Samskiptanefnd .....                                 | 42 |
| Fræðslunefnd .....                                   | 48 |
| Staðan og framtíðarsýn lífeyrismála .....            | 56 |
| Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd .....  | 60 |
| Lífeyrisvísitala Mercer – CFA Institute .....        | 66 |
| Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira .....         | 70 |
| Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....       | 74 |
| Ársreikningur 2021 .....                             | 76 |
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 77 |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                     | 78 |
| Rekstrarreikningur .....                             | 81 |
| Efnahagsreikningur .....                             | 82 |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                            | 83 |
| Skýringar .....                                      | 84 |



## Ávarp stjórnarformanns

Mannauður lífeyrissjóðakerfisins kemur oft og verðskuldað við sögu í þessu ávarpi og við hæfi er að byrja á því að þakka starfsfólki lífeyrissjóða, stjórnnum þeirra og stjórnendum fyrir afburða góða frammistöðu við afar krefjandi aðstæður í kórónuveirufaraldrinum undanfarin tvö ár. Þar reyndi mjög á skipulag og þolinmæði. Faraldrinum er blessunarlega að linna og við getum horft um öxl reynslunni ríkari og stolt af því að hafa haldið hjólum okkar góða kerfis gangandi, snurðulaust.

Hilmar Harðarson, formaður stjórnar LL


Íslensk þjóð hefur sannreynt það sem af er þessari öld að lífeyrissjóðir landsmanna eru traustar samfélagsstoðir sem hægt er að reiða sig á og hafa staðið af sér bæði efnahagshrun og heimsfaraldur skæðrar farsóttar.

Enn og aftur sannast að þegar einni plágu í tilverunni linnir skýtur annarri upp. Hver hefði trúað því fyrir örfáum vikum að helsta ógn mannkyns nú um stundir væri blóðug, mannskæð og óvægin árás stórveldis í austri á grannríki sitt í Evrópu? Því miður sér ekki fyrir enda á þeim ósköpum og áhrifanna gætir strax í íslensku samfélagi. Við getum ekki hugsað til enda hvað kann að gerast, hvað þá að hugsa upphátt.

Mál er að vopnaskaki linni og það sem fyrst. Hrollvekjandi eru vangaveltur um að innrásin í Úkraínu kunni að vera upphafið að heimsófriði, þriðju heimsstyrjöldinni. Svo fjarri er slíkt Íslendingum að þjóðin númerar ekki heimsstyrjaldir. Við tölum staðfastlega um þá fyrri og þá síðari.


Ef við nú smækkum sjóndeildarhringinn og lítum okkur nær er ástæða til þess að fagna þremur mjög góðum ávöxtunarárum lífeyrissjóðanna, 2019–2021. Erlendar eignir ávöxtuðust vel og innlendar eignir líka þegar litið er á heildarmyndina.

## Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



\* Áætluð ávöxtun fyrir árið 2021 ■ Heimild: Seðlabanki Íslands

## Raunávöxtun lífeyrissjóða ■ 5 og 10 ára meðalávöxtun



1. Fyrir árið 2021 er notast við áætlaða ársávöxtun 10,2% ■ Heimild: Seðlabanki Íslands

Áætluð raunávöxtun eigna sjóðanna var að jafnaði 10,2% á árinu 2021 og eignir lífeyrissjóðakerfisins námu um 6.700 milljörðum króna í lok árs 2021. Fimm ára meðalávöxtun er nú 7,7% og tíu ára 6,6% sem er langt umfram 3,5% ávöxtunarviðmið sjóðanna.

Þetta eru auðvitað jákvæð tíðindi fyrir sjóðfélagana og lífeyrissjóði þeirra en góð ávöxtun ætti sömuleiðis að auðvelda sjóðunum að innleiða veigamiklar breytingar á mati skuldbindinga sinna í samræmi við nýjar dánar- og eftirlífendatöflur sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur birt að tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Fá sjóðirnir tvö ár til að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur og skulu ljúka henni áður en kemur að tryggingafræðilegri athugun vegna ársins 2023.

Mörg fleiri stór og og afdrifarík mál eru í deiglu er varða lífeyrissjóði á einn og annan hátt. Þannig hefur af hálfu stjórnvalda verið sagt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að undirbúningur sé hafinn í Stjórnarráðinu að stefnumótunarvinnu um lífeyrismál. Unnið skuli að svokallaðri grænbók um málaflokkinn. Lítið spyrst hins vegar til raunverulegra skrefa í þeim efnum. Í röðum Landssamtaka lífeyrissjóða ríkir mikill áhugi á að sjá verkefnið raungerast og settur var á laggir sérstakur stýrihópur samtakanna af því tilefni.

Við leggjum ríka áherslu á að grænbókin verði til í samstarfi og samvinnu við okkur og vísun til þeirrar þekkingar og reynslu sem býr í sérfræðingum lífeyrissjóðanna og í innra starfi Landssamtakanna.

Varla ætti að þurfa að minna sérstaklega á reynslubankann sem fólgin er í mannauði lífeyrissjóðakerfisins og í kerfinu sjálfu. Ísland tók í fyrsta sinn þátt í Mercer lífsskjaravísitölunni á árinu 2021 og varð þar í efsta sæti í samanburði lífeyriskerfa í 43 ríkjum.

Við tókum þátt í þessum samanburði í fyrsta sinn og fengum staðfest enn einu sinni að íslenskt lífeyriskerfi er öflugt og sterkt. Við leyfum okkar samt ekki að sitja kyrr á sama stað og dást að því sem orðið er heldur höldum ótrauð áfram og þróum kerfið áfram í samræmi við nýja tíma með nýjum áskorunum; með öðrum orðum að gera gott kerfi ennþá betra.

Niðurstaða Mercer samanburðarins vakti tvímælalaust mikla eftirtekt víða utan landsteinanna. Vart verður áhuga erlendis fyrir því að fara í sauma íslenska lífeyriskerfisins til að draga lærdóma af því sem svo vel er þar gert.


Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt drög að frumvarpi sem tengist kjarasamningum á

almennum vinnumarkaði, undirrituðum 3. apríl 2019. Frumvarpið varðar meðal annars hækkun lögbundins iðgjalds úr 12% í 15,5% og lögfestingu þess að sjóðfélagar geti ráðstafað hækkuðu iðgjaldi, 3,5%, í svokallaða tilgreinda séreign í stað samtryggingardeilda lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu er tekið á ýmsum öðrum málum og eru skiptar skoðanir um málið í okkar röðum eins og margoft hefur komið fram. Forystusveitir Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hvetja til þess að þessi breyting verði lögfest en fulltrúar sumra annarra lífeyrissjóða vilja fresta afgreiðslu málsins og freista þess að ná um það víðtækari sátt, meðal annars í tengslum við grænbókarvinnu og heildarendurskoðun lífeyriskerfisins.

Landssamtök lífeyrissjóða eru heildarsamtök sjóða sem eðli máls samkvæmt geta haft skiptar skoðanir á því hvað beri að gera og hvernig til að ná markmiðum í hagsmunabaráttu í þágu sjóðfélaga sinna. Landssamtökin taka sem slík ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins heldur leggja áherslu á að vera sem fyrr vettvangur fyrir mismunandi sjónarmið og rökræður sem við öll viljum að hafi að markmiði að sameina krafta og styrkja lífeyrissjóðakerfið í heild.

## Eignir lífeyrissjóða



Heimildir sjóðanna til að fjárfesta í erlendri mynt eru enn eitt málið sem fengið hefur mikla umræðu og ekki undarlegt því lífeyriskerfið stækkar stöðugt og eignir þess aukast með tilheyrandi þörfum fyrir vænlega fjárfestingarkosti og ávöxtun eigna.

Í stjórnarfrumvarpi sem er nú fyrir Alþingi er lagt upp með að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum verði rýmkaðar í skrefum á tólf árum og fari úr 50% í 65% af heildareignum frá 2024 til 2036. Við teljum hér of hægt farið og viljum

hækka þakið í 65% á skemmri tíma en stjórnvöld mæla með.

Í umræðum á stefnumótunarfundi Landssamtaka lífeyrissjóða í september 2021 kom fram að það hefði beinlínis skaðleg áhrif á langtímafjárfestingar lífeyrissjóða að setja þeim skorður sem neyddu þá mögulega í óhagkvæmar fjárfestingar og drægiu úr áhættudreifingu eigna. Jafnframt var bent á að í mörgum grannríkjum væri alls ekkert þak á erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða, til að mynda í

Danmörku og Hollandi sem eins og Ísland eru með stór sjóðsöfnunarkerfi.

Núgildandi hámarkshlutfall, 50%, var sett árið 2000 og síðan þá hefur bæði mikið vatn runnið til sjávar og lífeyrissjóðakerfið stækkað mjög, eins og nærri má geta. Í reynd geta sjóðirnir ekki farið yfir 45% fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum vegna þess að góð ávöxtun erlendra eigna eða breytingar á gengi gjaldmiðla gætu hæglega orðið til þess að hlutfallið bankaði í 50%-þakið eða færi upp úr því. Mjög jákvætt er því í fyrirbyggjandi lagafrumvarpi að þar er gert ráð fyrir að heildarhlutfall að hámarki miðist við hvenær fjárfestingarákvörðun er tekin og breytist ekki síðar vegna góðrar ávöxtunar eða gengissveiflna.

Grænar, sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar eru mál málanna í umræðum á okkar vettvangi og í þeim efnum hafa orðið straumhvörf á örfáum árum. Fjöldi sjóða innan okkar vébanda hefur sett sér markmið í grænum fjárfestingum og á loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow í nóvember 2021 var kynnt viljayfirlýsing 13 íslenskra lífeyrissjóða um fjárfestingar í verkefnum tengdum hreinni orku og umhverfisvænum lausnum af ýmsu tagi.

Allt eru þetta tákn tímans og um leið til marks um að lífeyrissjóðir láta ekki duga að fylgjast með þróuninni af hliðarlínu heldur eru inni á vellinum, í sókn.

Í framhaldinu má minna á að forystusveitir lífeyrissjóða eru og hafa verið opnar fyrir því að koma að innviðauppbýggingu samfélagsins. Þannig mætti ná því samtímis að flýta nauðsynlegum, samfélagslegum verkefnum og ávaxta jafnframt eignir sjóðfélaga. Nærtækt er að benda á framkvæmdir í samgöngukerfinu, eins og reyndar dæmi eru um nú þegar. Verkefni af þessu tagi væri líka auðvelt að finna í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu og víðar.

Verkefni í samgöngukerfinu eru mörg hver þess eðlis að þau draga úr losun skaðlegra efna út í andrúmsloftið og falla því vel að áherslum um umhverfisvænar lausnir.

Lífeyrissjóðirnir búa að miklu mannvali sérfræðinga á ótal sviðum og sérhæfðs starfsfólks sem gerir þetta kerfi að því sem það er. Þetta vitum við manna best sem fylgjumst með starfsemi innan frá. Út á við birtist þessi styrkur lífeyrissjóðakerfisins í samfélagsumræðunni, á opinberum ráðstefnum og fundum og í samtölum fulltrúa okkar gagnvart stjórnvöldum eða í hvers kyns öðrum samskiptum hérlandis og erlendis.

Starfið í fastanefndum og starfshópum Landssamtaka lífeyrissjóða er satt best að segja ótrúlega víðfeðmt, kraftmikið og árangursríkt. Það sýnir sig aftur og aftur. Í einni fastanefnd er fjallað um áhættu tengda starfsemi lífeyrissjóða, í annarri um fjárfestingarumhverfið, í þeirri þriðju um réttindi, í þeirri fjórðu um fræðslumál og í þeirri fimmtu um fjölmiðlamál og almannatengsl.

Af nógu er að taka og samantekt í ársskýrslunni veitir áhrifamikla innsýn í hið blómlega innra starf samtakanna. Allt miðar þetta að því að horfa fram á veginn, auka drifkraftinn og bæta um betur.

Lífeyrisgáttin sætti miklum tíðindum þegar hún var opnuð árið 2013 og hefur gegnt hlutverki sínu með ágætum. Þegar nær áratugur er liðinn frá upphafinu má segja að „gáttin“ sé barn síns tíma. Nú er unnið að því að breyta og bæta hana til að unnt verði að nálgast þar upplýsingar um samtryggingarréttindi, séreign og viðbótarlífeyrissparnað. Þannig fetum við áfram veginn í hverju verkefninu á fætur öðru.

Að svo mæltu færi ég þakkir meðstjórnarmönnum mínum, starfsfólki Landssamtaka lífeyrissjóða, nefndarmönnum, stjórnendum lífeyrissjóða og yfirleitt öllum sem hafa komið að starfsemi okkar á árinu 2021.

**Hilmar Harðarson**



# Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann. Skipunartíma þriggja stjórnarmanna og eins varamanns lauk á síðasta aðalfundi. Starfandi uppstillingarnefnd lagði til endurkjör þeirra fyrir næstu þrjú árin og var það samþykkt.

## Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:

Arnaldur Loftsson  
Halldóra Káradóttir  
Valmundur Valmundsson

## Aðrir stjórnarmenn:

Erla Jónsdóttir  
Guðrún Hafsteinsdóttir – til nóvember 2021  
Hilmar Harðarson  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Jón Ólafur Halldórsson – frá nóvember 2021  
Harpa Jónsdóttir

## Einn varamaður var kjörinn til þriggja ára:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson

## Aðrir varamenn:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir  
Hulda Rós Rúriksdóttir



**Stjórn:** Hilmar Harðarson, formaður, Gylfi Jónasson, varaformaður, Arnaldur Loftsson, Erla Jónsdóttir, Halldóra Káradóttir, Harpa Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jón Ólafur Halldórsson og Valmundur Valmundsson. **Varastjórn:** Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Hulda Rós Rúriksdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL,  
Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur,  
Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri  
og Stefán Halldórsson, verkefnastjóri.

### Starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landssamtakanna er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Ásta Ásgeirsdóttir hagfræðingur, Sólveig Hjaltadóttir verkefnastjóri, og Stefán Halldórsson sem hefur undanfarin ár starfað fyrir samtökin að ýmsum verkefnum.

Á starfsárinu var skrifstofa LL flutt á 3. hæð í norðurenda hússins að Guðrúnartúni 1. Í nýja húsnæðinu er góð aðstaða fyrir starfsmenn og fundarherbergi fyrir minni fundi. Jafnframt fengu samtökin aðgengi að rúmgóðu fundarherbergi og stórum sal á 4. hæð fyrir fjölmenna viðburði. Aðgengi að góðum salarkynnum hefur auðveldað undirbúning og skipulag stærri funda. Í auknum mæli er boðað bæði til fjarfunda og staðfunda og hafa Landssamtökin komið sér upp öflugum fjarfundarbúnaði til þess að sinna breyttum þörfum í kjölfar heimsfaraldursins.



Myndir af húsnæðinu á 3. hæð.

# Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

## Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:


- Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennt umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

# Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

## Eignir og ávöxtun við árslok 2021

Eignir lífeyrissjóða við árslok 2021:

**6.732 ma.kr.**



Raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2021:

**10,2%**



## Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2020

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga:

**220.998**



Fjöldi lífeyrisþega (67+):

**47.398**




Iðgjöld ársins:

**273 ma.kr.**



Lífeyrir ársins:

**187 ma.kr.**



Heimild: Seðlabanki Íslands

# Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2021

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand hóteli 31. maí 2021, fundurinn var að meginstefnu fjarfundur. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður LL, setti fundinn. Guðrún Högnadóttir var kjörin fundarstjóri og Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá LL, var kjörin fundarritari.

Eins og áður var nefnt var fundurinn að meginstefnu fjarfundur vegna fjöldatakmarkana af völdum Covid-19. Allir fundarmenn greiddu því atkvæði í gegnum síma eða tölvu.

## Skýrsla stjórnar

Guðrún Hafsteinsdóttir flutti skýrslu stjórnar á aðalfundinum. Hún hóf mál sitt á að ræða um hversu vel starfsemi sjóðanna hefði gengið á árinu þrátt fyrir áframhaldandi takmarkanir vegna Covid-19 faraldursins.

Í máli hennar koma fram að ávöxtun eigna á árinu 2020 hefði verið betri en flestir þorðu að vona þar sem búist hafði verið við að veirufaraldurinn myndi setja stórt strik í reikninginn. Reyndin varð

allt önnur, einkum vegna góðrar ávöxtunar erlendra eigna. Einnig skiluðu innlendar eignir góðri ávöxtun í heildina.

Í máli sínu fór Guðrún yfir samskipti stjórnar Landssamtakanna við seðlabankastjóra á árinu og hvernig lífeyrissjóðirnir sýndu samfélagslega ábyrgð með aðgerðum sínum líkt og þeir gerðu í efnahagshruninu 2008.

*„Seðlabankastjóri mæltist til þess að lífeyrissjóðir gerðu hlé á gjaldeyriskaupum til erlendra fjárfestinga frá 17. mars 2020 að telja og legðu þannig sitt af mörkum til að bregðast við miklum og skörpum samdrætti útflutningstekna þjóðarinnar og mögulegum þrýstingi á gengi krónunnar vegna þessa.*

*Þetta hlé var í fyrstu ákveðið til þriggja mánaða en síðan framlengt í aðra þrjá mánuði eða til 17. september. Lífeyrissjóðir studdu þannig í verki viðleitni til að stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og gengu hófsamlega fram eftir að hléi á gjaldeyriskaupum lauk í fyrrahaust. Sjóðirnir sýndu þarna samfélagslega ábyrgð líkt og þeir gerðu sömuleiðis svo um munaði eftir efnahagshrunið 2008.*



Þórey S. Þórðardóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir og Guðrún Högnadóttir.

*Í beinu framhaldi nefni ég að á vettvangi okkar eru í seinni tíð oft viðruð sjónarmið í þá veru að lífeyrissjóðirnir geti og eigi að koma að uppbyggingu samfélagsins með því að semja um að fjármagna tiltekna þætti eða innviði þess, til dæmis í samgöngu-, mennta- eða heilbrigðiskerfum landsmanna. Þannig færi saman að flýta nauðsynlegum verkefnum annars vegar og ávaxta eignir lífeyrissjóða hins vegar, hvort tveggja í þágu lands og lýðs. Við höfum vel heppnað fordæmi frá því þegar lífeyrissjóðir komu að fjármögnun Hvalfjarðarganga seint á öldinni sem leið.*

*Nærtækt er að velta fyrir sér hvort Sundabraut sé ekki verkefni sem lífeyrissjóðir geti tekið að sér að fjármagna og halda utan um að einhverju leyti. Það er í það minnsta umhugsunar virði. Höfum þá hugfast líka að fjárfestingar í samgöngukerfinu eru jafnan til þess fallnar að greiða leiðir og stytta þær sem aftur stuðlar að því að minnka kolefnisspor bílaumferðarinnar. Umhverfisáhrif samgöngumannvirkja eru jákvæð sem því nemur.*

Þá ræddi Guðrún um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá september 2020, þar sem boðað var til stefnumörkunar í lífeyrismálum í samstarfi við

heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða.

*„Ein stærsta og áleitnasta spurningin varðar auðvitað sjálft sambýli lífeyriskerfanna. Þunginn í þeirri umræðu er mikill og vaxandi eins og birtist í daglegum skoðanaskiptum í samfélaginu.*

*Sem nærtækt dæmi um samtalsefni nefni ég ákveðnar vísbendingar um auknar örorkugreiðslur úr lífeyrissjóðum í kjölfar Covid-19 faraldursins, annars vegar beinlínis vegna veikinda af völdum Covid eða hins vegar vegna afleiðinga aukins atvinnuleysis í faraldrinum. Þetta er áhyggjuefni séð af sjónarhóli lífeyrissjóða og samfélagsins alls.*

*Hlutfall örorkulífeyrisþega fer hækkandi í samfélaginu og mikilvægt að rýna orsakir þessa og hvernig bregðast skuli við. Konur á miðjum aldri reynast vera sá hópur þjóðfélagsins þar sem örorka eykst hvað mest en sú þróun hefur átt sér stað jafnt og þétt á undanförunum 20 árum. Örorka varðar okkur öll og skiptir það lífeyrissjóðina miklu að jafnvægi sé milli greiðslna áfallalífeyris og eftirlauna til sjóðfélaga. Mikilvægt er að samtal eigi sér stað um hlutverk*

*lífeyrissjóðakerfisins annars vegar og ríkisins hins vegar í greiðslum örorkulífeyris.*

Að loknum flutningi skýrslu stjórnar tilkynnti formaður að hún myndi láta af starfi formanns samtakanna en því embætti hefði hún gegnt í þrjú starfsár og þakkaði hún traustið sem meðstjórnarmenn hefðu sýnt henni til að standa í stafni samtakanna.

## **Ársreikningur 2020**

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings 2020 og breytingar milli ára. Rekstrartekjur ársins voru 130 milljónir kr. og rekstrargjöld 122,6 milljónir kr. Hagnaður af starfseminni var því 8,3 milljónir kr.

## **Kjör stjórnar og varastjórnar**

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:

Arnaldur Loftsson

Halldóra Káradóttir

Valmundur Valmundsson

Varamaður til þriggja ára:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson

## Kjör endurskoðanda

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðandi LL.

## Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun hvers stjórnarmanns yrði 103.500 kr. á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar 155.250 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar 207.000 kr. á mánuði. Þóknun til varamanna í stjórn yrði 51.750 kr. fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fastanefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem þeir væru aðalmenn í stjórn, 103.500 kr. á mánuði.

## Breytingar á samþykktum

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum LL. Tillögurnar byggðust á álitserð og drögum að starfsreglum frá utanaðkomandi sérfræðingi að beiðni stjórnar LL.

Breytingatillögurnar varða skipan stjórnar, ákvæði í 7. og 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða við 7. gr. Þær voru samþykktar samhljóða.

### 7. gr. eftir breytingar er svohljóðandi:

Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Uppstillingarnefnd skal starfrækt með það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til fjögurra ára; einn tilnefndur af Alpýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.

Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að

Landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

### Bráðabirgðaákvæði við 7. gr. er svohljóðandi:

Kjörtími stjórnar helst og verða því á aðalfundi árið 2022 þrír aðalmenn og einn varamaður í kjöri til tveggja ára. Á aðalfundi árið 2023 verða í kjöri þrír aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára. Á aðalfundi 2024 verða í kjöri fimm aðalmenn til tveggja ára og einn til eins árs auk tveggja varamanna til tveggja ára.

### 8. gr. eftir breytingar er svohljóðandi:

Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn. Stjórnarmaður skal almennt ekki samfelld gegna formennsku eða varaformennsku lengur en í fjögur ár. Því næst fór framkvæmdastjóri LL yfir starfsreglur uppstillingarnefndar sem samþykktar höfðu verið af stjórn LL.

### Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2021 sem stjórn hafði þegar samþykkt.

Árgjald lífeyrissjóða til LL er ákveðið til samræmis við samþykktu fjárhagsáætlun, annars vegar fast gjald og hins vegar breytilegt gjald sem taki mið af hundraðshluta heildareigna sjóðanna í

samtryggingu og séreign samkvæmt síðustu birtu ársreikningaskrá Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar um að árgjald fyrir árið 2021 yrði óbreytt frá árinu 2020 eða 130 milljónir kr. og að fast gjald á hvern aðildarsjóð yrði 325.000 kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Einn sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

### Önnur mál

Að hefðbundnum aðalfundarstörfum loknum voru flutt tvö framsöguerindi:

Stefán Halldórsson, verkefnastjóri LL, flutti erindið „**Mótun framtíðarsýnar lífeyriskerfisins**“ og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur Cand. Act., flutti erindið „**Reiknilíkan FÍT um lækkandi dánartíðni og viðbrögð lífeyrissjóða**“.



Jakob Tryggvason, Þórey S. Þórðardóttir og Guðrún Högnadóttir.





Árni Guðmundsson, Ragnheiður Jónasdóttir, Aðalbjörn Sigurðsson og Bjarney Sigurðardóttir.



Fundargestir í sal.



Bjarni Guðmundsson.



Stefán Halldórsson, Guðrún Hafsteinsdóttir og Gylfi Jónasson.



# Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2021

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar samtakanna eftir aðalfundinn 31. maí 2021 skipti hún með sér verkum og var Hilmar Harðarson kosinn nýr formaður stjórnar. Guðrún Hafsteinsdóttir lét af störfum sem formaður eftir farsæla forystu í þrjú starfsár.

Starfsemi samtakanna er afar fjölbreytt. Þau beita sér í málum sem varða lífeyrissjóðakerfið í heild sinni og skila umsögnum um margvísleg mál, t.a.m. til þingnefnda, ráðuneyta og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá er leitað samráðs við

samtökin um ýmis málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma.

Fjöldi fyrirspurna berast samtökunum varðandi margvísleg mál og svara starfsmenn LL eftir bestu getu eða benda á hvar upplýsingar sé að finna. Sífelld fleiri erindi berast erlendis frá.

Landssamtökin eiga gott samstarf við starfsmenn lífeyrissjóða, m.a. í gegnum nefndastörf. Starfsmenn lífeyrissjóða nota vefinn **Lífeyrismál.is** mikið og koma með ábendingar um hvað má betur

fara á vefnum, sem er dýrmætt og afar mikilvægt fyrir samtökin.

Í samþykktum LL er gert ráð fyrir fimm fastanefndum sem stjórn skipar til eins árs í senn. Nefndirnar hittast reglulega á starfsárinu og fara yfir verkefni sem þeim er ætlað að sinna. Auk þess er jafnan að störfum fjöldi vinnuhópa sem hafa ákveðin, afmörkuð verkefni. Til starfa í nefndum og vinnuhópum veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða, einnig er leitað til utanaðkomandi sérfræðinga eftir þörfum.

## Hér má sjá yfirlit um það sem var efst á baugi á starfsárinu



Vegna Covid-19 takmarkana voru margir fundir á vegum Landssamtakanna eingöngu fjarfundir en í auknum mæli voru fundir blandaðir þar sem nokkrir þátttakendur voru á staðnum og aðrir á skjánum.

Stjórn LL hélt tvo fundi með varamönnum stjórnar og formönnum fastanefnda þar sem formenn gerðu grein fyrir því helsta á döfinni í nefndastarfinu.

Fulltrúar frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands komu á stjórnarfund 23. nóvember 2021 og ræddu mikilvæg mál sem varða lífeyrissjóðina, s.s. hæfismöt stjórnarmanna í lífeyrissjóðum, tryggingafræðilega athugun og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Þann 16. júní var fundur með stjórn og framkvæmdastjórum lífeyrissjóða þar sem Þórir Óskarsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tillögum lífnefndar FÍT að mögulegum aðlögunum á réttindakerfum lífeyrissjóða vegna hækkandi lífaldurs. Einnig kynntu Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur og Arnór Finnbjörnsson aðferðir til að laga réttindakerfi lífeyrissjóða að hækkandi lífaldri.



**Erla Jónsdóttir stjórnarmaður LL og fulltrúar frá Fjármálaeftirliti SÍ; Björg Sigurgísladóttir, Unnur Gunnarsdóttir og Gunnar Ingólfsson.**



**Ásta Ásgeirsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir, Hilmar Harðarson og Halldóra Káradóttir.**



Gerður Guðjónsdóttir, Ragnheiður Helga Haraldsdóttir og Ásta Ásgeirsdóttir.



Tómas N. Möller, Vigfús Ásgeirsson, Þórir Óskarsson og Bjarni Guðmundsson.



Gunnar Baldvinsson, Ólafur Páll Gunnarsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Erla Jónsdóttir, Arnaldur Loftsson, Tryggvi Tryggvason og Þróstur Sigurðsson.



Gylfi Jónasson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Þórhallsson, Árni Guðmundsson, Ólafur Sigurðsson, Harpa Jónsdóttir og Snædís Ögn Flosadóttir.



Gylfi Jónasson, Arnór Finnbjörnsson og Ólafur Sigurðsson.

## Vinnu- og stefnumótunarfundur

Það var kærkomið eftir marga fjarfundi á tímum heimsfaraldurs að geta haldið vinnu- og stefnumótunarfund á Grand hóteli í Reykjavík 6. september 2021.

Að þessu sinni voru áherslurnar á *Hækkandi lífaldur* og *Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, gjaldeyrisáhætta*.

Á fundinn mættu, auk stjórnar LL og starfsmanna, framkvæmdastjórnar lífeyrissjóða, formenn fastanefnda og hagaðilar lífeyrissjóðakerfisins sem tóku þátt í pallborðsumræðum um hækkandi lífaldur. Umræðu- og fundarstjóri var Vilhjálmur Egilsson.

**Á fundinum voru flutt áhugaverð framsöguerindi: Ragnheiður Helga Haraldsdóttir**, Brú lífeyrissjóði, fór almennt yfir stöðuna og sýndi hvernig meðalævin hefur verið að lengjast sem hefur bein áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða.

**Bjarni Guðmundsson**, Cand act. tryggingastærðfræðingur, kynnti aðferðafræði og útskýrði hvernig tryggingastærðfræðingar hefðu reiknað út lífslíkur sem væru lagðar til grundvallar við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða.

**Svend E. Hougaard Jensen**, PhD, prófessor við Copenhagen Business School, lýsti lífeyriskerfinu í Danmörku og rakti þau atriði sem lögð hefur verið áhersla á síðustu misseri. Svend sagði m.a. frá því að árið 2015 hefði verið ákveðið að árið 2030 yrði almennur eftirlaunaaldur 68 ára í Danmörku.

**Þorsteinn Sigurður Sveinsson**, PhD, Seðlabanka Íslands, fjallaði um áhrif hækkunar lífaldurs á mismunandi hópa og fór yfir hvernig kyn, tekjur og menntun geta haft áhrif á lífaldur.

**Pallborð var í kjölfarið á framsöguerindum þar sem tóku þátt:**

**Friðrik Jónsson** frá BHM.

**Sonja Ýr Þorbergsdóttir** frá BSRB.

**Gunnar Björnsson** frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

**Hannes G. Sigurðsson** frá Samtökum atvinnulífsins.

**Þórir Gunnarsson** frá Alþýðusambandi Íslands.

Í pallborðsumræðum kom meðal annars fram að ræða yrði hvernig lífeyrissjóðakerfið gæti tekist á við tvær megináskoranir sem væru lágir vextir og auknar lífslíkur fólks. Nauðsynlegt væri að samræma aðgerðir og mikilvægt að fulltrúar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins kæmu þar að málum.

Eftir hádegi var rætt um ***fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og gjaldeyrisáhætta***.

Agni Ásgeirsson, þáverandi formaður áhættunefndar, og Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, fóru yfir rýni nefndanna tveggja á núverandi regluverki um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og gjaldeyrisáhættu.

Útskýrðar voru gildandi takmarkanir á hámarkshlutfalli eigna lífeyrissjóða í erlendri mynt og farið yfir reglur sem gilda í grannríkjum. Jafnframt voru raktar ýmsar mikilvægar forsendur fyrir því að heimildir yrðu auknar en fyrir liggur að núverandi regluverk er þegar farið að hafa hamlandi áhrif á fjárfestingar ákveðinna sjóða.

## Myndir frá stefnumótunarfundi



Hilmar Harðarson formaður stjórnar LL.



Friðrik Jónsson og Hannes G. Sigurðsson.



Þórey S. Þórðardóttir og Svend E. Hougard Jensen.



Þátttakendur á stefnumótunarfundi.



Vilhjálmur Egilsson stjórnaði pallborðsumræðum.



Þátttakendur á stefnumótunarfundi.



# Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

## ÁHÆTTUNEFND

### Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Huga að forsendum sem standa að baki tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, eftir atvikum í samstarfi við réttindanefnd.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2021–2022:

- Hækkun lífaldurs, mismunandi útfærsla sjóða við hækkun lífeyrisaldurs og breytingar á samþykktum.
- Gjaldmiðlamál og núverandi þak á erlendar fjárfestingar sjóðanna. Unnið í samstarfi við nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Rekstraráhætta lífeyrissjóða vegna lykilverfa, útvistunar og notkunar á gagnaskýjum.
- Rýni á tryggingafræðilega úttekt lífeyrissjóða og mat á hækkandi örorkubyrði sjóða.

Á starfsárinu sátu þessi fundi nefndarinnar:

**Agni Ásgeirsson**, LSR, formaður til desember 2021  
**Rebekka Ólafsdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði, formaður frá janúar 2022

**Borghildur Jónsdóttir**, Lífeyrissjóði bænda

**Eyrún Einarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Guðmundur Stefán Steindórsson**, SL lífeyrissjóði

**Halldór Emil Sigtryggsson**, Lífeyrissjóði bankamanna

**Haukur Jónsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

**Ingi Kristinn Pálsson**, Brú lífeyrissjóði

**Ísleifur Orri Arnarson**, Lífsverki

**Magnús Helgason**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Ottó Hólm Reynisson**, Stapa lífeyrissjóði og LSA

**Pétur Pétursson**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Sigurður Örn Karlsson**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Sveinn Friðrik Gunnlaugsson**, LSR

**Valgeir Geirsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

**Dráinn Guðbjörnsson**, Festu lífeyrissjóði

### Hækkandi lífslíkur – innleiðing

Á vegum nefndarinnar hefur verið fjallað um innleiðingu á töflum um hækkandi lífslíkur sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok árs 2021. Með uppfærðum lífslíkum verður í fyrsta skipti horft til hækkandi lífaldurs til framtíðar auk þróunar undanfarinna ára. Breytingin hefur áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða og tryggingafræðilega stöðu og er veitt tveggja ára svigrúm til að bregðast við og reikna skuldbindingar miðað við nýjar lífslíkur. Hefur málið verið rætt á fundum áhættunefndar og þá einkum mismunandi nálgun við innleiðingu og aðlögun á réttindum sjóðfélaga.

Ljóst er að lífeyrissjóðir njóta góðs af jákvæðri ávöxtun undanfarin ár sem hefur styrkt tryggingafræðilega stöðu þeirra og þar með gert þá betur í stakk búna til að innleiða þessar breytingar.

Öllum sem sinna áhættueftirliti innan sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar.



## Gjaldmiðlaáhætta og þak á fjárfestingum í erlendri mynt

Á vegum áhættunefndar og nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða hefur verið unnið að greiningu á gjaldeyrisþörf sjóðanna og þeim skilyrðum sem sjóðunum eru sett varðandi eignir í erlendri mynt. Í apríl var lagt fram lagafrumvarp um að þessi skilyrði verði rýmkuð í áföngum en yfir lengri tíma en lífeyrissjóðum hugnast. Á fundum áhættunefndar um málið kom skýrt fram að afar brýnt væri að hraða breytingunum, með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Landssamtökin efndu til morgunverðarfundar á Grand hóteli 26. apríl þar sem Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, kynnti helstu atriði skýrslu um gjaldmiðlaáhættu sem hann vann fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Að lokinni framsögu hans voru pallborðsumræður undir stjórn Þórðar Snæs Júlíussonar, fjölmiðlamanns, með þátttöku Hörpu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra



**Már Guðmundsson, fyrrv. seðlabankastjóri, hélt erindi um erlendar fjárfestingar og gjaldmiðlaáhættu lífeyrissjóða.**

LSR og stjórnarmanns í LL, Ólafs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Birtu og formanns fastanefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, og Gylfa Zoëga, hagfræðiprófessors við HÍ, auk Mús. Umræður voru líflegar og fundurinn var fjölmennur, bæði á staðnum og á fjárfundi.




**Þátttakendur í pallborði, Már Guðmundsson, Þórður Snær Júlíusson sem stýrði umræðum, Harpa Jónsdóttir, Ólafur Sigurðsson og Gylfi Zoega.**

## Regluverk og samskipti við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

Á fundum nefndarinnar er fjallað um nýjar reglur og breytingar á löggjöf er varða lífeyrissjóðina og samskipti sjóðanna við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Meðal þess sem fjallað hefur verið um á árinu er ný löggjöf um lykilupplýsingaskjöl vegna

## Ólifud meðalævi við 67 ára aldur

Fjöldi ára



Heimild: Hagstofa Íslands

tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIPs) og hvernig lífeyrissjóðir uppfylli kröfur sem gerðar eru þar. Einnig hefur verið rætt um almennar gagnafyrirspurnir frá Seðlabankanum og öðrum stofnunum og hvernig unnt sé að einfalda gagnaskil til mismunandi hagaðila.

### Gagnahópur

Á árinu var ákveðið að stofna sérstakan undirhóp nefndarinnar sem myndi fjalla skipulega um lífeyrissjöðir, gæði þeirra og veikleika, samanburðarhæfni, gagnsæi og önnur þau atriði sem auka skilning á gögnum og minnka tvíverknað í upplýsingaöflun og greiningu. Hópurinn fékk það hlutverk að kortleggja gögn sem eru aðgengileg um lífeyriskerfið og hvernig best væri að nálgast þau. Er vinna hópsins hugsuð sem langtímaverkefni og ætlunin að ná heildstæðri sýn yfir hvaða gögn væru

aðgengileg á íslenskum og erlendum vefjum, t.d. Bloomberg. Einnig er fyrirhugað að hópurinn komi að stefnumótun varðandi gagnaöflun og rannsóknir á vegum LL en á vegum samtakanna er mikill áhugi fyrir því að auka áherslu á rannsóknir á næstu misserum og árum.

### Tryggingafræðileg staða

Lífeyrissjóðir eiga í nánú samstarfi við tryggingastærðfræðinga sem meta tryggingafræðilega stöðu sjóðanna og breytingar á lífslíkum. Rætt er á vettvangi áhættunefndar hvernig auka megi þekkingu innan sjóðanna á þeim forsendum sem unnið er með við mat á skuldbindingum, hvernig bera megi kennsl á möguleg tækifæri til úrbóta og hvað sé líkt eða ólíkt í samanburði sjóða. Ljóst er að lífslíkur og örorkulíkur eru mismunandi eftir starfsstéttum. Slíkt hefur auðvitað mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Jafnframt er þörf á að rýna nánar hver eðlileg viðmiðunarávöxtun sjóðanna sé í núverandi vaxtaumhverfi og hvort 3,5% raunávöxtun sé raunsætt viðmið til framtíðar.



## NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA

### Helstu verkefni

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er við koma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2021–2022:

- Gjaldmiðlamál og núverandi þak á erlendar fjárfestingar sjóðanna. Unnið í samstarfi við áhættunefnd LL.
- Ganga frá skýrslu, sem langt er komin, er varðar mögulega aðkomu lífeyrissjóða að innviðafjárfestingum.
- Huga að innleiðingu á reglum um ábyrg fjárfestingarsjónarmið (UFS).
- Fylgja eftir hugsanlegu samstarfi við Climate Investment Coalition (CIC).
- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um málefni er varða starfssvið nefndarinnar.
- Ljúka gerð starfsreglna nefndarinnar og skila til stjórnar.
- Rýna núverandi fjárfestingarumhverfi sjóðanna og þær áskoranir sem fylgja lækkingu vaxtastigi.

Nefndina skipa:

**Ólafur Sigurðsson**, formaður, Birtu lífeyrissjóði  
**Arne Vagn Olsen**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
**Baldur Snorrason**, Festu lífeyrissjóði  
**Björn Hjaltested Gunnarsson**, LSR  
**Davíð Rúðólfsson**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Elísabet Þórey Þórisdóttir**, LSR  
**Haraldur Yngvi Pétursson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga  
**Helga Indriðadóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum  
**Jóhann Steinar Jóhannsson**, Stapa lífeyrissjóði  
**Jón L. Árnason**, Lífsverki  
**Jón Otti Jónsson**, SL lífeyrissjóði  
**Soffía Gunnarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði  
**Svandís Rún Ríkharðsdóttir**, Brú lífeyrissjóði  
**Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefndin heldur fasta mánaðarlega fundi og aukafundir hafa verið boðaðir eftir þörfum. Mörg og viðamikil mál hafa verið á dagskrá nefndarinnar á starfsárinu.

### Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o.fl.

Nefndin kemur oft að umsögnum sem LL sendir frá sér um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur þar

sem fulltrúar nefndarinnar koma með ábendingar og athugasemdir byggðar á sérþekkingu sinni.

Meðal þeirra lagafrumvarpa sem nefndin hefur komið að má nefna innleiðingu á EU taxonomy sem snýr að skilgreiningu eigna út frá umhverfissjónarmiðum. Þar skiptir máli hvernig flokkunarreglur eru skilgreindar og var ákveðið að vinnuhópur myndi rýna reglurnar. Nefndin hefur jafnframt átt sterka aðkomu að rýni á nauðsynlegum rýmkunum á heimildum sjóðanna til fjárfestinga í erlendri mynt.

Nefndin er mönnuð öflugum sérfræðingum og hafa þeir komið sterkir að málum sem þarfnast skoðunar og tengjast innleiðingu á margs konar regluverki ESB. Má þar nefna áform stjórnvalda um að leggja fram frumvarp til laga um upplýsingar tengdar sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu, mál í Samráðsgátt nr. 131/2021.

### Sjálfbærnivægferð lífeyrissjóða

Áhersla á sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar hefur aukist verulega undanfarin ár. Lífeyrissjóðir taka virkan þátt í umræðu og nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða gegnir

***COP26 og loftslagsmarkmið Sameinuðu þjóðanna***

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, COP26, var í Glasgow í byrjun nóvember 2021 og á vegum LL sóttu hana framkvæmdastjóri og formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða. Á ráðstefnunni kynnti framkvæmdastjóri LL viljayfirlýsingu 13 íslenskra lífeyrissjóða um auknar fjárfestingar í verkefnum tengdum hreinni orku og umhverfisvænum lausnum upp á 580 ma.kr fram til 2030. Ásamt íslensku sjóðunum hafa aðrir norrænir sjóðir og breskir og hollenskir sjóðir sett sér markmið um auknar grænar fjárfestingar í samvinnu við CIC samtökin.

Í byrjun mars héldu Landssamtök lífeyrissjóða í samstarfi við Seðlabanka Íslands málstofu um sjálfbærnivægferð lífeyrissjóða og EES-rétt. Fulltrúar úr nefnd um fjárfestingarumhverfi komu af miklum krafti að skipulagningu málstofunnar.

Margir innlendir fyrirlesarar fluttu áhugaverð erindi






Helga Melkorka Óttarsdóttir, Tómas N. Möller, Aðalheiður Snæbjarnardóttir, Snjólaug Ólafsdóttir og Ólafur Sigurðsson.



Unnur Gunnarsdóttir og Halldór Þorgeirsson með grænan hollustudrykk.



Þórey S. Þórðardóttir og Ásgeir Jónsson.



Fundargestir á málstofunni.



Mikkel Svenstrup flutti erindi sitt með fjarfundarbúnaði.

### Gjaldeyrismarkaður og heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendra mynt

Á vegum nefndarinnar í samstarfi við áhættunefnd fór fram ítarleg rýni á núverandi skorðum sem lífeyrissjóðum eru settar um fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum. Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar, og Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi, héldu erindi á vinnu- og stefnumótunarfundi LL í september 2021 þar sem þeir fóru yfir stöðuna og mögulegar breytingar sem taka mætti til skoðunar. Í kjölfar þessarar vinnu beindi LL erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem bent var á mikilvægi þess að heimildir yrðu rýmkaðar.

Ráðuneytið fól Má Guðmundssyni, fyrrum seðlabankastjóra, að gera skýrslu um gjaldeyriseignir lífeyrissjóða og átti hann fund með nokkrum framkvæmdastjórum og fulltrúum úr nefnd um fjárfestingarumhverfi um þeirra sýn og stöðuna. Í kjölfarið kom fram beiðni frá Má um gögn frá sjóðunum til að nota í þessa greiningarvinnu og létu nokkrir af stærstu sjóðunum honum m.a. í té gögn um innlenda og erlenda ávöxtun 20 ár aftur í tímann.

Í apríl í ár var lagt fram lagafrumvarp um hækkun hámarkshluta eigna í erlendra mynt úr 50% í 65% yfir 12 ára tímabil. Áður höfðu drög verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar og skiluðu Landssamtök lífeyrissjóða umsögn um málið. Breytingar á takmörkunum er varða eignir

lífeyrissjóða í erlendra mynt hafa mikla þýðingu fyrir fjárfestingarstefnu sjóðanna til framtíðar og því er afar mikilvægt að heimildir verði rýmkaðar frá því sem nú er og að það verði gert hraðar en lagt er upp með skv. fyrrgreindu frumvarpi.

### Erlendar eignir lífeyrissjóða • Hlutfall af heildareignum



Heimild: Seðlabanki Íslands

### **Innviðafjárfestingar**

Undanfarin ár hefur umræða vaknað um hvort og þá með hvaða hætti væri unnt að auka aðkomu lífeyrissjóða að fjárfestingum í innviðum. Unnið hefur verið að skýrslu um innviðafjárfestingar lífeyrissjóða innan nefndarinnar og er nú stefnt að útgáfu hennar á haustmánuðum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er rætt um að fjölga eigi ávöxtunarmöguleikum og mikilvægt er að sjónarmið lífeyrissjóða komi fram varðandi aðkomu þeirra að innlendum verkefnum tengdum innviðafjárfestingu.

Mikilvægt þykir að finna leiðir til að auka fjárfestingar sjóðanna til uppbyggingar innlendra innviða en nokkuð er um að erlendar fjárfestingar þeirra séu í innviðum. Eru bundnar vonir til þess að unnt verði að finna málinu tryggja umgjörð og að almenn sátt verði um auknar innviðafjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða.

### **Fjármálaeftirlit Seðlabanka Ísland – eftirlit með lífeyrissjóðum**

Fulltrúum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands var boðið til fundar með stjórn LL og sat formaður

nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða fundinn ásamt formanni áhættunefndar.

Á fundinum var m.a. rætt um hæfismat stjórnarmanna, aukna áherslu á eftirlit með framkvæmd tryggingafræðilegs mats og framkvæmd við mat eigna. Nokkur umræða var einnig um mat sjóðanna á áhættuvilja og áhættupoli og hversu oft verðmætatamat á óskræðum eignum væri framkvæmt.

### **Kynning á IPE ráðstefnu í Hörpu**

Formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða hélt kynningu á ráðstefnu IPE sem haldin var í Hörpu í október 2021. Þar fjallaði hann um aðkomu lífeyrissjóða að innviðafjárfestingum og hvaða verkefni mætti skilgreina sem innviðaverkefni. Innlend þörf fyrir innviðafjárfestingar er mikil og því gætu lífeyrissjóðir komið inn sem langtímafjárfestar í ýmis verkefni sem væru til bóta fyrir land og þjóð.



## RÉTTINDANEFND

### Helstu verkefni:

- Fara yfir og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.
- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, s.s. með setningu leiðbeinandi reglna.

### Sérstök verkefni 2021–2022:

- Eftirfylgni með breytingum vegna endurskoðunar á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða.
- Huga að samræmdu verklagi við meðhöndlun örorkumála eftir því sem unnt er.  
Í þessu samhengi m.a.:

- Vinna að samræmingu á framkvæmd tekjueftirlits með örorkulífeyrisgreiðslum.
- Vinna að uppfærslu á samræmdu umsóknareyðublaði örorkulífeyris og meta umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til gagnaöflunar.
- Leggja drög að sameiginlegum verklagsreglum við gerð örorkumats.
- Meta með hvaða hætti starfsemi VIRK getur nýst lífeyrissjóðum við vinnslu örorkuumsókna og leggja drög að æskilegu verkferli er varðar gagnasamskipti lífeyrissjóða og VIRK.
- Meta þörf fyrir úrskurðarnefnd sem myndi hafa það hlutverk að úrskurða um réttarstöðu sjóðfélaga sem ósáttir við afgreiðslu sinna mála.
- Kortleggja mál sem varða réttindi aðila sem búa erlendis og eiga réttindi hér á landi og gera aðgerðaráætlun út frá þeim málum sem þarfnast úrbóta.
- Lífeyrisgáttin. Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt á vegum fræðslunefndar.
- Rýna gagnasamskipti lífeyrissjóða við aðrar stofnanir með það í huga að tryggja öryggi í gagnasamskiptum og einfalda verkferla.
- Vinna að rýni á séreignarlífeyri, bæði hvað varðar núverandi lagaumhverfi og einnig framtíðarsýn á þessa tegund lífeyris.
- Grænbók stjórnvalda. Vera til taks varðandi þau málefni sem heyra undir nefndina, s.s. móttun á framtíðarsýn á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða bæði hvað varðar ellilífeyri og örorkulífeyri.

Nefndarmenn:

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, formaður, Stapa lífeyrissjóði

**Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði

**Haukur Jónsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Kristján Geir Pétursson**, Birtu lífeyrissjóði

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Margrét Sigurbjörnsdóttir**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Ólafur Páll Gunnarsson**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Ólafur K. Ólafsson**, Lífeyrissjóði bænda

**Sigfús Rúnar Eysteinnsson**, Festu lífeyrissjóði

**Sigríður Ómarsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Sigprúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

Réttindanefndin hefur haft mörg og fjölbreytt málefni til umfjöllunar á árinu. Rædd eru sameiginleg málefni er varða þróun réttindakerfisins og samspil þess við almannatryggingar. Innan réttindanefndar starfa fjölmargir undirhópar og hefur fundum nefndarinnar fækkað þannig að þeir eru mest nýttir sem yfirlitsfundir, þar sem vinnuhópar fara yfir stöðu verkefna sinna og næstu skref. Á starfsárinu hélt nefndin fimm fundi.

Helstu verkefni nefndarinnar á árinu:

### **Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða**

Lengi hefur verið unnið að endurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Drög að endurskoðuðu samkomulagi voru send sjóðunum og barst fjöldi gagnlegra athugasemda sem vinnuhópurinn vann úr. Endanlegt uppfært samkomulag var sent á framkvæmdastjóra sjóðanna til undirritunar síðla aprílmánaðar og verður unnið samkvæmt því frá 1. maí 2022.

Í vinnuhópi um endurskoðun samkomulagsins sitja:

**Sigprúður Jónasdóttir**, formaður, Birtu lífeyrissjóði

**Anna Björk Sigurðardóttir**, LSR

**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Sara Jóna Stefánsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

**Sigurlaug Waage**, SL lífeyrissjóði

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Örn Guðnason**, Gildi – lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

### Tekjueftirlit örorkulífeyris

Núverandi framkvæmd við tekjueftirlit örorku er að einhverju leyti ólík hjá sjóðunum og hefur vinnuhópurinn unnið að því að gera yfirlit um framkvæmdina. Var send út könnun á sjóðina um núverandi framkvæmd og tók vinnuhópurinn saman niðurstöður hennar. Hópurinn hefur greint nokkra þætti sem mögulegt er að samræma milli sjóða, sem mun að líkindum gera framkvæmdina skýrari gagnvart sjóðfélögum. Stefnt er að kynningar- og umræðufundi um málið í stærri hópi.

Hópin skipa:

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, formaður, Stapa lífeyrissjóði

**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði,  
**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmanna

**Sara Jóna Stefánsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

**Sólveig Hjaltadóttir**, LL

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

### Víxlverkun – breytt framkvæmd

Á síðasta starfsári vann hópur á vegum LL að breytingum á framkvæmd víxlverkunar örorkugreiðslna lífeyrissjóða og almannatrygginga. Í lögum er bráðabirgðaákvæði sem hefur fengið

talsverða gagnrýni en nauðsynlegt er að finna málinu varanlega lausn. Leitað var til Andra Árnasonar hjá Juris lögmannsstofu. Hann vann lögfræðiálit um túlkun og framkvæmd ákvæðisins með aðstoð Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings. Í kjölfar þeirrar vinnu var framkvæmdinni breytt meðal sjóðanna. Vinnuhópurinn hefur því að mestu lokið sínum

störfum en verður til taks ef þurfa þykir og þá einkum ef til athugunar kemur frekari samræming á framkvæmd milli sjóða.


Hópin skipa:

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, formaður, Stapa lífeyrissjóði

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

### Fjöldi á örorku - og endurhæfingarlífeyri • Hlutfall af fólki á vinnualdri



## Örorkuumsóknir

Vinnuhópur innan LL hefur unnið að samræmdu eyðublaði fyrir örorkuumsóknir og var nýtt sameiginlegt eyðublað tekið í notkun á síðasta ári. Á starfsárinu var unnið að samræmdu eyðublaði á ensku og lauk þeirri vinnu nú á vormánuðum. Vegna samstarfs lífeyrissjóða og VIRK reynir talsvert á gagnasamskipti og í mars sl. var send ábending til sjóðanna um uppfærslu á umboði sem þykir brýn, einkum vegna persónuverndarsjónarmiða. Eftir stendur að yfirfara heildstætt og samræma umboð sem sjóðfélagar veita við nauðsynlega gagnaöflun er fylgir afgreiðslu örorkumála.

Hópin skipa:

**Sigprúður Jónasdóttir**, formaður, Birtu lífeyrissjóði

**Anna Björk Sigurðardóttir**, LSR

**Bryndís Reynisdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Jóney Gylfadóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Sara Jóna Stefánsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

## Verklag við meðhöndlun örorkumála

Mikil þörf hefur verið á að kortleggja og yfirfara verklag tengt meðhöndlun örorkumála og hefur vinnuhópur á vegum LL unnið að því. Málafni tengd örorku eru umfangsmikil innan sjóðanna og þörf er á að meta til hvaða úrræða sjóðfélagar geta gripið ef þeir eru ósáttir við niðurstöður örorkumats. Hópurinn hefur einnig unnið að yfirferð á viðmiðunarreglum við mat á orkutapi og hefur sú vinna verið í samstarfi við fulltrúa VIRK og trúnaðarlækna sjóðanna.

Hópin skipa:

**Rakel Lind Hauksdóttir**, formaður, LL

**Helga Lára Hauksdóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Kristján Geir Pétursson**, Birtu lífeyrissjóði

**Sigurbjörn Sigurbjörnsson**, SL lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

Meðhöndlun örorkumála er umfangsmikið verkefni og hefur hópurinn skipt með sér verkum þannig að skipaðir voru tveir undirhópar. Annars vegar vinnuhópur sem hefur það hlutverk að kortleggja núverandi verklag, þegar sjóðfélagar eru ósáttir við niðurstöðu örorkumats, og benda á þá þætti sem

mikilvægt sé að líta til. Hins vegar hópur sem setti fram tillögur að reglum við mat á orkutapi, þ.e. gerð örorkumats. Starfshópurinn hefur átt í mjög góðu samstarfi við trúnaðarlækna sjóðanna og hefur Júlíus Valsson tekið að sér að vera tengiliður þeirra eftir því sem þörf krefur.

Kortlagning núverandi verklags þegar sjóðfélagar eru ósáttir við niðurstöðu örorkumats:

**Helgi Pétur Magnússon**, formaður

**Helga Lára Hauksdóttir**

**Sigurbjörn Sigurbjörnsson**

Mat á orkutapi/framkvæmd örorkumats:

**Rakel Lind Hauksdóttir**, formaður

**Helga Lára Hauksdóttir**

**Kristján Geir Pétursson**

**Guðmundur Björnsson**, trúnaðarlæknir

**Júlíus Valsson**, trúnaðarlæknir

### Úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi

Oft hefur komið til tals hvort þörf sé á því að setja á laggirnar sérstaka úrskurðarnefnd þegar upp koma mál þar sem sjóðfélagar eru ósáttir við meðhöndlun mála sinna hjá lífeyrissjóðum. Vinnuhópur hefur málið til skoðunar og hafa fulltrúar hans tekið saman ítarlegt minnisblað sem byggir að hluta til á eldri tillögum. Er nú stefnt að nánari rýni innan hópsins áður en tillögurnar verða kynntar og teknar til umræðu meðal sjóðanna.

Hópin skipa:

**Helgi Pétur Magnússon**, formaður, Almenna lífeyrissjóðinum

**Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Kristján Geir Pétursson**, Birtu lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

Samráð er haft við trúnaðarlækna.

### Þróunarráð VIRK

Unnið hefur verið að greiningu á þeim þáttum í starfsemi VIRK sem geta komið að gagni við mat á orkutapi sjóðfélaga og hefur sú vinna tengst athugun á verklagi við meðhöndlun örorkumála hjá lífeyrissjóðum. Gott samstarf hefur verið milli VIRK, Landssamtaka lífeyrissjóða og trúnaðarlækna sjóðanna um þessa rýni.

Lögð hefur verið áhersla á að fá innsýn í vinnuferla VIRK með það í huga að meta hvað geti nýst lífeyrissjóðum við úrvinnslu örorkumála. Unnið hefur verið að því að reyna að samræma verklag milli lífeyrissjóða og trúnaðarlækna þegar kemur að samstarfi við VIRK. Hefur vinnuhópur komið að því að kortleggja núverandi verklag og leggja drög að uppfærðu verklagi. Að þessari vinnu koma fulltrúar lífeyrissjóða, trúnaðarlækna og VIRK.

Í starfshópnum eru:

**Ingibjörg Loftsdóttir**, VIRK

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Sigprúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Júlíus Valsson**, trúnaðarlæknir

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

### Persónuverndarmál

Persónuverndarhópur á vegum LL hittist eftir þörfum og fer yfir mál er varða gögn frá lífeyrissjóðum og skilyrði sem þarf að uppfylla við afhendingu gagna. Hópurinn fjallaði á árinu um gagnaöflum er tengist úttekt á starfsemi VIRK en ráðherra velferðarráðuneytisins hefur skipað nefnd sem annast úttektina.

Hópin skipa:

**Rebekka Ólafsdóttir** formaður, Gildi – lífeyrissjóði

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL

**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Þór Egilsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna



### Lífeyrisgáttin

Unnið er að áframhaldandi þróun Lífeyrisgáttarinnar. Núverandi lausn var tekin í gagnið árið 2013 og hefur verið mjög til bóta fyrir sjóðfélaga. Stefnt er að því að sjóðfélagar geti í framtíðinni nálgast upplýsingar um samtryggingarréttindi, séreign og viðbótarlífeyrissparnað á einum stað.

Vinnuhópur innan LL hefur unnið að kröfulýsingu fyrir nýja útgáfu Lífeyrisgáttarinnar og verið er að skoða möguleika varðandi tæknilega útfærslu verkefnisins. Hópurinn hefur unnið í nánun samstarfi við tæknimenn mismunandi lífeyriskerfa.

Hópin skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, formaður, LL

**Dísa Björg Jónsdóttir**, LSR

**Guðný Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Hjörtur Smári Vestfjörð**, Frjálsa lífeyrissjóðnum,

EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Ragnheiður Jónasdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði

### Örugg gagnasamskipti – Stafrænt Ísland

Unnið hefur verið að kortlagningu á innbyrðis gagnasamskiptum milli lífeyrissjóða og við aðrar stofnanir. Aukin skilvirkni í gagnasamskiptum stofnana er mjög til bóta fyrir sjóðfélaga en í því samhengi þarf jafnframt að tryggja öryggi gagna við upplýsingaflæði milli stofnana. Lífeyrissjóðirnir eru í miklum samskiptum sín á milli og við aðrar stofnanir, s.s. Skattinn og TR, og gæti aukin skilvirkni í gagnasamskiptum milli stofnana bætt verkferla og verið liður í að auka þjónustu við sjóðfélaga. Á vegum Stafræns Íslands er nú unnið að þróun stafræna lausna fyrir opinberar stofnanir og standa vonir LL til þess að lífeyrissjóðir verði hluti af þeim lausnum sem þar er unnið að.

Hópin á vegum LL skipa:

**Þórey S. Þórðardóttir**, formaður, LL

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

Gagnasendingar milli sjóða fara í gegnum **Signet Transfer** og sama kerfi er einnig notað fyrir gagnasendingar milli sjóðanna og TR. Hópur á vegum LL kemur að uppfærslu ferla og reglna í tengslum við gagnasendingar með Signet Transfer og fer yfir breytingar þegar þeirra gerist þörf.

Þennan hóp skipa:

**Sara J. Stefánsdóttir**, formaður, Greiðslustofu lífeyrissjóða

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL

**Kristíanna Jessen**, LSR

**Sigrún Þ. Björnsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Sverrir Reynisson**, Gildi – lífeyrissjóði.

### Réttindi erlendra sjóðfélaga

Erlendu verkafólki í tímabundnum verkum hérlendis hefur fjölgað mjög á undanförunum árum og sama á við um Íslendinga sem flytja utan og dvelja í

öðrum löndum um lengri eða skemmri tíma. Á vegum LL hefur vinnuhópur unnið að kortlagningu á málefnum þessa hóps, hvernig best megi tryggja réttindi viðkomandi og hvernig sjóðirnir uppfylli sem best skyldur sínar gagnvart þeim.

Meðal mála, sem unnið hefur verið að, eru reglur um greiðslur inn á erlenda reikninga, stofnun kerfiskennitalna og móttaka erlendra lífeyrisumsókna frá systurstofnunum TR í Evrópu. Hluti af verkefninu er einnig að kanna hvernig bæta megi upplýsingamiðlun til þessa sjóðfélagahóps og er það verkefni unnið í samvinnu við fræðslunefnd LL. Lögfræðiálit um lífeyrisgreiðslur á erlenda reikninga og áreiðanleikakönnun sjóða, sem Áslaug Árnadóttir hjá Landslögum vann fyrir LL að beiðni hópsins, hefur verið tekið fyrir á stjórnarfundum LL og sent til framkvæmdastjóra sjóðanna til upplýsingar.

Hópin skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, formaður, LL


**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði

**Sigprúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Sólveig Hjaltadóttir**, LL

## Hlutfall erlends starfsfólks á vinnumarkaði



### Séreignarlífeyrir og skipting ellilífeyris

Hópur innan réttindanefndar hefur tekið að sér að rýna núverandi lagaumhverfi er við kemur séreignarlífeyri. Núverandi lagaumhverfi er frá árinu 1997 og hefur ekki tekið miklum breytingum en vægi séreignarlífeyris hefur aukist mjög á sama tíma. Hefur hópurinn unnið að kortlagningu á núgildandi reglum og vinnur að því að setja fram hugmyndir um hvernig æskileg framtíðarþróun

gæti verið. Þess má vænta að afrakstur hópsins verði sendur til sjóðanna innan skamms til frekari rýni. Vinna hópsins mun að öllum líkindum koma að góðu gagni við grænbókarvinnu þegar sú vinna kemst í gang.

Hópurinn skipa:

**Tómas N. Möller**, formaður, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðinum

**Hrannar Bragi Eyjólfsson**, Almenna lífeyrissjóðinum

**Ólafur Páll Gunnarsson**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Sigrún Þóra Björnsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

### Grænbók stjórnvalda – framtíðarþróun lífeyrissjóðakerfisins

Samkvæmt yfirlýsingum stjórnvalda var stefnt að útgáfu grænbókar um lífeyrismál vorið 2021. Vinnan hefur tafist og enn er ekki búið að setja á stofn starfshóp um verkefnið. Innan Landssamtaka lífeyrissjóða er mikill áhugi á málinu og hefur Stefán Halldórsson verkefnastjóri tekið að sér að stýra undirbúningsvinnu af hálfu LL. Mörg verkefni, sem unnið er að í nefndum LL, munu tengjast grænbókarvinnu og þá ekki síst verkefni á vegum réttindanefndar en að þeim koma sérfræðingar með yfirgripsmikla þekkingu á réttindakerfi sjóðanna og því lagaumhverfi sem um þá gildir.

## SAMSKIPTANEFND

### Helstu verkefni:

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

### Sérstök verkefni 2021–2022:

- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Fylgjast með og styðja við vinnu greinaskrifateymis.
- Rýna reglulega hvaða upplýsingum sjóðirnir eigi að koma á framfæri, t.d. með útsendingu fréttabréfa LL.
- Auka samstarf við fræðslunefnd vegna ýmissa fræðslu- og kynningarmála.

Nefndarmenn:

**Hilmar Harðarson**, formaður, Birtu lífeyrissjóði

**Aðalbjörn Sigurðsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Árni Guðmundsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Erla Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði

**Gunnar Baldvinsson**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Halldóra Káradóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Harpa Jónsdóttir**, LSR

**Svanhildur Sigurðardóttir**, Lífsverki

**Þórhallur B. Jóseppson**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

**Sólveig Hjaltadóttir**, verkefnastjóri hjá LL, starfaði einnig með nefndinni.

Eftir að ný samskiptastefna var innleidd á árinu 2021 var ákveðið að fækka fastafundum nefndarinnar sem voru fimm á starfsárinu. Í nýrri samskiptastefnu er lögð áhersla á að kalla til sérfræðinga hjá lífeyrissjóðum sem þekkja til mála hverju sinni og virkja þá til umræðu. Einnig er leitast við að eiga frumkvæði að greinaskrifum um málefni liðandi stundar.

Á fundum er farið yfir fjölmiðlaumræðuna og rædd mál sem eru í deiglu. Athygli er vakin á viðtölum og greinum sem tengjast lífeyrismálum og metið hvort bregðast eigi við og með hvaða hætti. Upplýst er um helstu áherslur í fræðslumálum enda er mikil skörun við verkefni fræðslunefndar LL. Vegna innleiðingar á nýjum lífslíkum var settur á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum úr fræðslunefnd og samskiptanefnd til að skipuleggja fræðslu um málið, bæði til starfsmanna lífeyrissjóða og almennings.

Á starfsárinu var eðli máls samkvæmt talsverð umræða í samfélaginu um áhrif Covid-19 heimsfaraldursins og aðgerðir stjórnvalda til þess að sporna við áhrifum faraldursins á efnahagslíf innanlands. Loftslagsmálin komu einnig talsvert inn í umræðuna í kringum COP26 heimsráðstefnuna í Glasgow. Á þeim vettvangi voru kynnt tölusett markmið 13 lífeyrissjóða um fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum til 2030. Sjóðirnir skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis í samstarfi við alþjóðlegu samtökin Climate Investment Coalition (CIC).

Þátttaka Íslands í Mercer vísitölunni vakti athygli fjölmiðla og almennings. Ísland tók í fyrsta sinn þátt í verkefninu og náði efsta sæti í alþjóðlegum samanburði, sem verður að teljast mjög góður árangur.

## Samskiptastefna sem byrjað var að starfa samkvæmt á árinu 2021

### Sjóðfélagar

- Lífeyrismál.is
- Lífeyrisgáttin
- Fréttir
- Fræðsla - Lífeyrisvit
- Samfélagsmiðlar

### Fjölmiðlar, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins

- Framkvæmdastjóri LL
- Formaður og varaformaður stjórnar LL
- Sérfræðingar hjá lífeyrissjóðum og LL

### Lífeyrissjóðir, starfsmenn og stjórnendur

- Nefndarstörf
- Námskeið og fræðsla
- Mánaðarpóstar
- Fréttir
- Ársskýrsla

### Lífeyrismál.is

Vefsíðan Lífeyrismál.is gegnir lykilhlutverki hjá LL við að miðla upplýsingum og fræðslu til sjóðfélaga. Þeir sem heimsækja vefinn tengjast iðulega í gegnum leitarvélar og þá sérstaklega Google. Í auknum mæli eru heimsóknir á vefinn að tengjast frá Facebook síðu samtakanna þar sem fróðleik um lífeyrismál er miðlað til almennings. Jafnframt hefur verið auglýst á Facebook að hægt sé að panta fræðslu um lífeyrismál sem gefist hefur vel.

Vinsælustu síðurnar á vefnum eru eins og áður *Lífeyrisgáttin*, *Spurt og svarað* og *Allir lífeyrissjóðir*.

Á vefnum er nú lögð aukin áhersla á birtingu talnaefnis undir *Tölur og gögn* sem Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá LL, hefur umsjón

með. Reglulega er vakin athygli á talnaefni og fróðleik um lífeyrismál í fréttabréfum LL. Upplýsingar á ensku um hagtölur sem varða íslenska lífeyrissjóðakerfið eru nú einnig aðgengilegar á vefnum.

Fjöldi fyrirspurna berst til LL í gegnum vefinn og hefur verulega fjölgað fyrirspurnum frá sjóðfélögum búsettum erlendis, bæði Íslendingum og útlendingum sem eru að leita upplýsinga um áunnin réttindi sín hér á landi og vantar leiðsögn. Í kynningum á Lífeyrisviti er sérstaklega fjallað um réttindi í fleiri en einu landi og hvernig á að bera sig að við að sækja um lífeyri. Kynnt er núverandi samstarf Evrópuríkja sem ætlað er að tryggja að umsóknir berist milli landa.

Á vefnum er ítarlegar upplýsingar undir *Spurt og svarað* á þremur tungumálum (íslensku, ensku og pólsku), uppfærðar eftir þörfum. Í ljósi þess hve fyrirspurnum hefur fjölgað um skiptingu ellilífeyrisréttinda hefur efni verið uppfært og reynt að útskýra á einfaldan hátt heildarferlið fyrir þeim sem vilja kynna sér málið. Bætt hefur verið við efniskafla undir yfirskriftinni *Lengra líf* þar sem útskýrt er hvernig nýjar reikniaðferðir hjá lífeyrissjóðum á lífaldri hafa áhrif á sjóðfélaga og helstu ástæður breytinganna.

## Mánaðarpóstur LL

Upplýsingum er miðlað til starfsmanna og stjórnarmanna lífeyrissjóða með rafrænum hætti í mánaðarpóstum. Áskrifendur eru á fimmta hundrað og er lögð áhersla á að vekja athygli á því sem er á döfinni í starfi samtakanna, s.s. fundum, ráðstefnum og málþingum. Á starfsárinu voru sendir út 9 mánaðarpóstar.



### Fréttabréf - Lífeyrismál

Áskrifendur að fréttabréfinu **Lífeyrismál.is** eru um fjögur þúsund talsins. Í hópnum eru áskrifendur sem skrá sig sjálfir í gegnum vefinn, starfsmenn og stjórnarmenn lífeyrissjóða, helstu stofnanir sem lífeyrissjóðir eiga í samskiptum við, samstarfsaðilar, alþingismenn og fjölmiðlar. Í fréttabréfinu eru birtar allar fréttatilkynningar LL til fjölmiðla og efni sem talið er eiga erindi við stjórnvöld og almenning. Á starfsárinu voru send út 15 fréttabréf.



## Almanak

Landssamtökin gáfu út almanak fyrir árið 2022, eins og síðustu ár, sem sent var út til lífeyrissjóða og einnig dreift til stéttarféлага. Að þessu sinni var þemað tölur úr lífeyrissjóðakerfinu og sá Ásta Ásgeirsdóttir hagfræðingur hjá LL um að útfæra talnagögn í samstarfi við hönnuðinn, Þórhall Kristjánsson hjá Effekt.



## Samfélagsmiðlar

LL birtir reglulega efni á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram til að vekja athygli á fréttum, auglýsa kynningar á Lífeyrisviti og vekja athygli á vefsíðunni **Lífeyrismál.is**.

Sahara – stafræn auglýsingastofa annast birtingu efnis fyrir samtökin. Samkvæmt lykilniðurstöðum nær kynningarefni, sem birt var á árinu 2021, til allra aldurshópa. Hópurinn sem sýnir mestan áhuga og smellir á kynningarefnið til þess að leita sér nánari upplýsinga er 55 ára og eldri og er skipting milli kynja nokkuð jöfn.

## Greinaskrif

Eftir að ný samskiptastefna var innleidd árið 2021 hafa LL leitað markvisst til sérfræðinga innan lífeyrissjóðanna um greinaskrif um ýmis málefni sem varða lífeyrismál. Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og rithöfundur, hefur verið aðilum innan handar í greinaskrifum.

Í janúar 2022 birtist grein í Fréttablaðinu um hækkingu lífslíkur eftir Ástu Ásgeirsdóttur.

Einnig skrifaði Ásta grein sem birtist í Morgunblaðinu í september 2021: *Áleitnar spurningar um örorku, vinnumarkaðinn og lífeyrissjóði*.

Grein var skrifuð um árangur Íslands í Mercer vísitölunni í október 2021.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, skrifaði grein sem birtist í Viðskiptablaðinu sumarið 2021: *Órsaga af uppgjörskröfu*.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, skrifaði grein um *skiptingu ellilífeyrisréttinda* sem birt var í Morgunblaðinu í ágúst 2021.

Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, skrifaði greinina *Lífeyrissjóðir feta í græn spor alþjóðlegra fjárfesta* sem birtist í Fréttablaðinu í mars 2022.

## Viðhorfsskönnun á vegum Maskínu

Vorið 2021 framkvæmdi Maskína viðhorfsskönnun fyrir LL. Markmiðið var að kanna viðhorf og þekkingu almennings á lífeyrissjóðum og kerfinu í heild sinni. Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar reglulega frá árinu 2017.

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu, kynnti niðurstöður á stjórnarfundum í maí 2021. Að mati hennar er merkilegt að skoða niðurstöðurnar og bera saman frá ári til árs. Svo virðist sem þjóðfélagsumræðan hafi mikil áhrif á þær hverju sinni. Þetta má t.a.m sjá á svörum við spurningum um hvort fólk þekki muninn á lífeyrissjóðum og almannatryggingum og á þekkingu fólks á lífeyrisréttindum.

Eins og í fyrri könnunum kom skýrt fram að eftir því sem svarendur eru eldri því betur þekkja þeir réttindi sín. Það sama á við um menntunina. Með meiri menntun verður fólk upplýstara um réttindi sín.

Ánægjulegt var að sjá að traust lífeyrissjóða mældist meira 2021 en í könnun árið 2019 og virðist sem traustið sé að þökast upp á við.


Þegar spurt er um fræðslumál vilja yfir 60% svarenda fá fræðslu um lífeyrismál á vinnustöðum. Fólk vill einnig fræðast í skólum og fjölmiðlum. Þá vilja yfir 40% svarenda fræðast um lífeyrismál á samfélagsmiðlum.

Landssamtökin sinna því fræðslumálum á þeim stöðum sem fólk óskar eftir en þó með óbeinum hætti í skólum, þ.e. í gegnum Fjármálavit.

Áhyggjuefni er hvað fólk byrjar seint að kynna sér réttindi sín í lífeyrissjóðum en það er eitt af þeim atriðum sem spurt er um.

Ljóst er að það er langhlaup að auka þekkingu og breyta viðhorfum almennings gagnvart lífeyrissjóðakerfinu. Vonir standa til að kynningar á Lífeyrisviti hjá fyrirtækjum og félagasamtökum verði smám saman til þess að auka áhuga og þekkingu á lífeyrismálum hjá almenningi. Dropinn holar steininn.

## Á hverjum af eftirtöldum stöðum myndir þú vilja sjá fræðslu um lífeyrismál?



Heimildir: Viðhorfsskönnun Maskínu fyrir LL

## FRÆÐSLUNEFND

### Hlutverk fræðslunefndar:

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og þróun fræðslu- og kynningarefnis um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við samskiptanefnd.

### Sérstök verkefni 2021–2022

- Semja fræðslu- og námskeiðsáætlun samtakanna 2021–2022.
- Kynna Lífeyrisvit fyrir fyrirtækjum, félagasamtökum og almenningi.
- Fjármálavit. Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálalæsis-verkefnisins Fjármálavits í grunnskólum.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við fræðslu ASÍ í framhaldsskólum og kanna möguleika á fræðslu í háskólum.
- Vinna að fræðslu fyrir nýbúa, m.a. með því að útfæra Lífeyrisvit á ensku og pólsku.
- Lífeyrisgáttin. Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt á vegum réttindanefndar.

### Nefndarmenn:

**Snædís Ögn Flosadóttir**, formaður, EFÍA og LSBÍ

**Arnaldur Loftsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Eva Jóhannesdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Halldór Bachmann**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Hildur Hörn Daðadóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Ingibjörg Ólafsdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði

**Valmundur Valmundsson**, Lífeyrissjóði

Vestmannaeyja

**Sólveig Hjaltadóttir**, verkefnastjóri hjá LL, starfaði með nefndinni.

Fræðslunefndin gegnir mikilvægu hlutverki innan landssamtakanna. Síðustu misseri hefur verið lögð sérstök áhersla á að fræða fólk á vinnualdri með því að bjóða upp á kynningar á Lífeyrisviti hjá fyrirtækjum og áhugasömum hópum. Fyrir markhópin 25+ hefur kastljósinu verið beint að viðbótarlífeyrissparnaði og úrræðum sem standa til boða varðandi kaup á fyrstu fasteign.

Nefndin hélt sex fundi á árinu þar sem áhersla var lögð á skipulag og eftirfylgni með þeim verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina og kynningarmálum gagnvart sjóðfélögum og öðrum hópum.

### Fræðslufundir

Á starfsárinu voru skipulagðir rafrænir fræðslufundir en einnig voru haldnir fræðslufundir á staðnum. Eftir að Landssamtökin fluttu sig um set á 3. hæð í Guðrúnartúni 1 fengu þau aðgengi að stórum fundarsölum sem gerir skipulag funda og námskeiða á vegum samtakanna einfaldara í sniðum.

Eitt af þeim verkefnum sem fræðslunefndinni var falið á árinu var að skipuleggja kynningu gagnvart almenningi á nýjum reikniaðferðum við mat á lífslíkum. Lífslíkur hafa farið hækkandi og það hefur áhrif á skuldbindingar sjóða og lífeyrisgreiðslur. Lífeyrissjóðir hafa tvö ár til að taka upp nýjar reikniaðferðir en að þeim tíma loknum ber öllum sjóðum skylda til að reikna skuldbindingar sínar með nýrri aðferð.

Settur var á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum samskiptanefndar og fræðslunefndar til að skipuleggja kynningu á hækkandi lífaldri og innleiðingu hjá lífeyrissjóðum. Formaður fræðslunefndar fór fyrir hópnum sem fundaði nokkrum sinnum og mótaði hugmyndir að kynningarleiðum sem voru kynntar fyrir stjórn LL.

á stefnumótunarfundi á vegum samtakanna 6. september 2021.



Snædís Ögn Flosadóttir kynnir hugmyndir hópsins á stefnumótunarfundi.

Lögð var áhersla á öfluga fræðslu um málefnið meðal starfsmanna lífeyrissjóða og var verkefninu hrint í framkvæmd um haustið í samstarfi við Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðing. Einnig voru skipulögð greinaskrif um málefnið.

Í hópnum voru:

**Snædís Ögn Flosadóttir**, formaður, EFÍA og LSBÍ

**Aðalbjörn Sigurðsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Halldór Bachmann**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Hildur Hörn Daðadóttir**, Lífeyrissjóði


verzlunarmanna

**Kristinn Jón Arnarson**, LSR

**Þórhallur Jósefsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna



Þátttakendur í hádegisfræðslu.



Benedikt Jóhannesson og þátttakendur í hádegisfræðslu.



**Arnór Ingi Finnbjörnsson.**

Mjög góð þátttaka var í hádegisfræðslu um áhrif af breyttum lífslíkum þar sem Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur fór yfir áhrif þeirra gagnvart sjóðfélögum og þróun mála síðustu áratugi. Haldnir voru tveir fræðslufundir í Guðrúnartúni 1 og einn fjarfundur. Samtals tóku um 160 starfsmenn lífeyrissjóða þátt í fræðslufundunum. Jafnframt voru skrifaðar greinar um málefnið til þess að útskýra hvað reglugerðabreytingin fæli í sér.



Í mars 2022 var haldið fræðsluerindi um nýjar lífslíkur og framtíðarspá um lækkanði dánartíðni. Þar kynnti Arnór Ingi Finnbjörnsson hjá Talmakönnun tvær mismunandi leiðir sem lífeyrissjóðir geta mögulega farið til þess að innleiða nýjar reiknireglur og gerði samanburð á þeim. Nokkrir voru á staðnum í Guðrúnartúni en um 50 manns hlýddu á erindi Arnórs á fjarfundi.

### Lífeyrisvit

Hugmyndin að Lífeyrisviti kviknaði hjá fræðslunefnd fyrir nokkrum árum og hefur fræðsluefni undir merkjum Lífeyrisvits verið í stöðugri mótun síðustu misseri. Á tímum veirufaraldursins var tíminn nýttur til að endurbæta kynningarefni með aðstoð góðra sérfræðinga frá lífeyrissjóðunum. Einnig var í samstarfi við Stjórnvísi leitað til nokkurra mannauðstjóra til þess að rýna kynninguna sem var afar gagnlegt.

Lífeyrisvit fór af stað af fullum krafti haustið 2021 þrátt fyrir fjöldatakmörkanir í samfélaginu. Áherslur eru í sífelldri þróun í takti við ábendingar og fyrirspurnir sem koma fram hjá þeim sem hlýða á kynningarnar. Lífeyrisvit er almenn fræðsla þar sem lögð er áhersla á að einstaklingar kynni sér málin hjá lífeyrissjóði sínum. Jafnframt er áhersla á að fólk kynni sér réttindi í Lífeyrisgáttinni. Sjónum er beint að undirbúningi starfsloka og leitast við að höfða til fólks sem enn hefur svigrúm til að breyta þáttum sem snúa að lífeyrismálum.

Eftirspurn eftir kynningum á Lífeyrisviti hefur verið með ágætum en heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn þar eins og annars staðar. Því var boðið upp á staðfundi þegar tækifæri gafst og reglur um fjöldatakmarkanir heimiluðu slíka fundi. Kynningar á fjarfundum mæltust sérstaklega vel fyrir hjá stofnunum sem eru með dreifða starfsemi um landið.

Hjá BHM var haldin kynning á Lífeyrisviti í janúar 2022 og hlýddu rúmlega 200 manns á kynninguna sem var flutt á fjarfundi í húsakynnum BHM. Sólveig Hjaltadóttir frá LL og Elísa Jóhannsdóttir, fræðslustjóri BHM, voru þær einu sem voru á staðnum. Kynningin var tekin upp og þeim sem gátu ekki hlustað í rauntíma gafst kostur á að hlusta á kynninguna á fræðsluvef BHM í vikunni eftir að kynningin var flutt.

Auglýst hefur verið á Facebook að unnt sé að panta kynningu á Lífeyrisviti sem hefur skilað sér vel. Vonir standa til að mannauðs- og fræðslustjórar

verði meðvitaðri um að bjóða upp á reglulega fræðslu um lífeyrismál fyrir starfsmenn á vinnualdri en ekki eingöngu þegar kemur að töku lífeyris. Félag mannauðs hefur sýnt Lífeyrisviti áhuga og var það

kynnt sérstaklega á Facebook síðu félagsins að unnt sé að panta fræðslu. Á vefnum Lífeyrismál. is er hægt að panta fræðslu fyrir áhugasama undir valmyndinni **Fræðsla**.



Sólveig Hjaltadóttir á fjarfundi hjá BHM.

## Sýnishorn af glærum frá Lífeyrisviti:

### Hvaðan koma eftirlaunin?



Almannatryggingar

- Lágmarksframfærsla
- Tekjutengdar greiðslur

Lífeyrissjóðir

- Áunninn ævilangur lífeyrir
- Getur verið blanda af samtryggingu og séreignar

Eftirlaun

Viðbótarlífeyrissparnaður

- Frjáls sparnaður með þátttöku launagreiðenda

Frjáls sparnaður og aðrar eignir

### Skattaafsláttur við íbúðakaup og innborganir inn á fasteignalán



Kaup á fyrstu íbúð  
kr. 500. þús. á ári  
í allt að 10 ár

Til ráðstöfunar inn á  
fasteignalán  
gildir til júní 2023



Upptaka af Lífeyrisviti er nú aðgengileg á íslensku, ensku og pólsku á YouTube-rás samtakanna. Fræðslumyndbönd um lífeyrismál, sem gerð hafa verið undanfarin ár, hafa verið birt reglulega á samfélagsmiðlum samtakanna.

Í viðhorfskönnun, sem framkvæmd var af Maskínu vorið 2021, kemur fram að meirihluti svarenda, eða 60%, vill fá fræðslu um lífeyrismál á vinnustöðum. Lífeyrisvit ætti því að svara þeirri þörf og Landssamtökin hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að fræða fólk á vinnualdri. Gerð er nánari grein fyrir

niðurstöðum úr könnun Maskínu í kaflanum um samskiptanefnd.

#### Vefurinn Lífeyrismál.is

Fyrirtækið Stefna, sem annast vefumsjónarkerfið fyrir vef Landssamtakanna, var fengið til að framkvæma vefgreiningu úr gögnum Google Analytics á hegðun notenda á vefnum [Lífeyrismál.is](https://lifeyrismal.is) og taka saman skýrslu með helstu niðurstöðum.

Í skýrslunni kemur fram að vefurinn fær fleiri heimsóknir en síðustu ár þegar tímabilið 1. maí

2021 – 31. janúar 2022 er skoðað. Aukinheldur eru notendur að verja lengri tíma á hverri síðu en áður. Stærsti hluti notenda vefsins er á Íslandi eða um 80%.

Hlutfall nýrra notenda á umræddu tímabili á móti endurkomum á vefinn er 82% á móti 18%, sem þýðir að ákveðinn kjarni notenda kemur reglulega aftur inn á vefinn í leit að upplýsingum. Líklegt er að starfsmenn lífeyrissjóða séu kjarni notenda.

Vinsælustu síðurnar á umræddu tímabili eru þær sömu og síðustu ár, Lífeyrisgáttin og forsíðan. Flestir notendur koma í gegnum leitarvél Google en fleiri koma nú beint inn á síðuna eða í gegnum Facebook Ads.

Jákvætt er að sjá fjölgun beinna heimsóknna á vefinn sem gefur til kynna vitneskju um hann og þekkingu á léninu Lifeyrismal.is. Einnig er ánægjulegt að sjá að kynningar á samfélagsmiðlum skila sér í fjölgun heimsóknna á vefinn.

### Spurt og svarað

Spurt og svarað er yfirfarið reglulega á öllum tungumálum. Sérstök áhersla er lögð á spurningar um flutning milli landa þar sem sífellt fleiri starfa í fleiri en einu landi á starfsævinni. Stór hluti fyrirspurna til Landssamtakanna berst frá þeim sem búa erlendis og vilja kynna sér áunnin réttindi á Íslandi, bæði Íslendingum búsettum erlendis og útlendingum sem hafa starfað hér á landi tímabundið.

Spurningum með yfirskriftinni Sumarstörf hefur verið bætt við og í svörum er bent á hvað ber að hafa í huga í þeim efnum. Jafnframt voru gerðar umbætur á spurningum sem varða skiptingu

ellilífeyrisréttinda en fyrirspurnum um þann möguleika hefur fjölgað talsvert í kjölfar umræðu í fjölmiðlum á síðustu misserum. Enn fremur var bætt við spurningu með yfirskriftinni *Lengra líf* þar sem útskýrt er af hverju lífeyrissjóðir breyta reikniaðferðum varðandi lífslíkur og hvaða áhrif það hefur á greiðslu lífeyris til sjóðfélaga.

### Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnarmenn

Undanfarin ár hafa LL átt farsælt samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu um námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóða. Á árinu 2020 þurfti að fella niður námskeið sem nauðsynlegt þótti að halda á staðnum, t.a.m. undirbúningsnámskeið fyrir hæfismat stjórnar. Það námskeið var síðan haldið vorið 2021 í kjölfar þess að aðalfundum lífeyrissjóða var lokið.

### Námskeið sem fram fóru:

Undirbúningsnámskeið vegna hæfismats FME, 2. – 5. júní. Leiðbeinendur **Jón Sigurðsson, Kristján Geir Pétursson, Tómas N. Möller, Vignir Gíslason** og **Þórey S. Þórðardóttir**.

Persónuvernd í lífeyrissjóðum, 19. október.  
Leiðbeinandi **Sigurður Kári Tryggvason**.

Lífeyrisréttindi, uppbygging og samspil, 28. október.  
Leiðbeinandi **Þórey S. Þórðardóttir**.

Skilur þú lífeyriskerfið? 24. febrúar. Leiðbeinandi **Þórey S. Þórðardóttir**.

Þarftu að öðlast betri skilning á umhverfi lífeyrissjóða? 26.–27. apríl. Leiðbeinendur **Kristján G. Pétursson** og **Tómas N. Möller**.

### Grunnskólar – Fjármálavit

Landssamtök lífeyrissjóða hafa átt aðkomu að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti undanfarin ár. Fjármálavit er í eigu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og verkefnisstjóri er Kristín Lúðvíksdóttir.

Um er að ræða fræðsluvettvang fyrir ungmenni á aldrinum 13–15 ára þar sem markmiðið er að bæta fjármálalæsi. Í verkefninu er stuðst við bækur eftir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins. Í grunnskólum er það bókin *Fyrstu skref í fjármálum* og í framhaldsskólum bókin *Farsæl skref í fjármálum*.



Nemendur í Vogaskóla taka við verðlaunum.

Í byrjun árs 2021 urðu þau tímamót að fulltrúar SFF áttu fund með þáverandi menntamálaráðherra þar sem upplýst var að til stæði að endurskoða aðalnámskrá.

Á fundinum var ákveðið að Fjármálavit kæmi með tillögur að hæfniviðmiðum í þá vinnu. Endurskoðun aðalnámskrár stendur yfir þessi misserin en í henni kemur fram hvaða þekkingu, leikni og hæfni stjórnvöld telja mikilvæg til framtíðar. Samhliða þessum tímamótum ákváðu SFF og LL að beita sér fyrir því að fjármálalæsi yrði skipulagt í grunnnámi kennara í gegnum vettvanginn Fjármálavit.



Nemendur í Grunnskóla Fjallabyggðar taka við verðlaunum.

Fjármálavit stendur á ákveðnum tímamótum og horft er til nýrra áherslna í starfseminni þar sem ljóst er að skólaheimsóknir munu smám saman leggjast af þegar Fjármálalæsi verður hluti af námsefni grunnskóla. Áhersla verkefnastjóra og stýrihópsins verður í ríkara mæli að styðja við kennara og leggja til aðgengilegt kennsluefni fyrir þá.

Eftir hugarflugsfundi og umræður hjá stýrihópnum um heppilegar leiðir var ákveðið að framleiða myndbönd með ítarlegum leiðbeiningum fyrir kennara um námsefni og verkefni sem aðgengileg eru á vefsíðu Fjármálavits. Bækurnar sem kenndar eru í Fjármálaviti voru hafðar til hliðsjónar í uppbyggingu á myndböndunum.



Nemendur í Eskifjarðarskóla taka við verðlaunum.

### Námskeið um fjármál einstaklinga

SFF hefur hafið samstarf við Opna háskólann í Reykjavík um gerð námskeiðs um fjármál einstaklinga. Námskeiðið er ætlað einstaklingum sem hafa áhuga á að bæta eigið fjármálalæsi og einnig þeim sem vilja auka þekkingu til að miðla áfram, t.d. í kennslu. Hlutinn sem snýr að kennslu nefnist **Að kenna fjármálalæsi** og standa vonir til að kennarar Fjármálavits nýti sér það í framtíðinni.

Fulltrúi LL í gerð kennsluefnis fyrir námskeiðið var Snædís Ögn Flosadóttir, formaður fræðslunefndar LL. Kristján Arnarson grunnskólakennari, sem hefur reynslu af því að kenna Fjármálavit, kom að því að móta hugmyndir og útfærslu að námskeiðsgerðinni.

## Fjármálaleikar

Fjármálaleikar eru spurningakeppni grunnskóla fyrir nemendur í 10. bekk. Kennurum var í fyrsta sinn boðið að taka þátt í Fjármálaleikum áður en sjálfir „leikarnir“ áttu sér stað meðal nemenda. Markmiðið var að gefa kennurum kost á að kynna sér leikjaumhverfið og spurningarnar sem nemendur fá í keppninni. Þátttaka kennara var ágæt og þrír efstu kennararnir fengu glaðning sem sendur var á kennarastofu í viðkomandi skóla, Hrafnagilsskóla, Sunnulækjarskóla og Ölduselsskóla.

Þrjú efstu sætin í Fjármálaleikum árið 2022 skipuðu Grunnskóli Fjallabyggðar, Eskifjarðarskóli og Vogaskóli. Þeir fá peningaverðlaun og sigurskólinn tilnefni tvo nemendur til að taka þátt í rafrænni Evrópukeppni í fjármálalæsi sem fer fram 10. maí.



Ungmennir í vinnuskólanum hlusta á fræðslu um Fjármálaviti.

Spurningar í Fjármálaleikum snúa að fjármálum almennt, lífeyrismálum, tryggingum og réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

## Fjármálaviti hjá vinnuskólum

Vinnuskólar á höfuðborgarsvæðinu kölluðu eftir kynningu á Fjármálaviti sumarið 2021 og voru haldnar tvær kynningar þar sem yfir 50 ungmenni hlustuðu og tóku þátt í spurningaleik sem notaður er í kynningunni. Farið var yfir launaseðilinn og útskýrt hvað hugtök þýða sem koma fram þar eins og lífeyrissjóður, viðbótarlífeyrissparnaður og skattur.

## Könnun á fjármálalæsi 18–30 ára

Maskína framkvæmdi könnun á fjármálalæsi fyrir SFF meðal hópsins 18–30 ára í mars 2021. Spurt var um reynslu og viðhorf til fjármála. Niðurstöður sýndu skýrt að lengri skólaganga virðist hafa jákvæð áhrif á ákvarðanir í fjármálum.

Annað athyglisvert sem kom fram var að um 78% svarenda sögðust hafa fengið fræðslu í fjármálum hjá foreldrum/forráðamönnum. Aðeins um 10% af hópnum töldu sig hafa fengið fræðslu um fjármál í grunnskóla. Þá sögðu 90% svarenda að þeir hefðu viljað læra um fjármál í grunnskóla. Stór hópur, eða 85%, sagðist hafa átt sparnaðarreikning á

yngri árum og 83% áttu sparnaðarreikning þegar könnunin var framkvæmd. Jafnframt sögðust 80% svarenda vera með viðbótarlífeyrissparnað og 28% sögðust hafa nýtt viðbótarlífeyrissparnað til húsnæðiskaupa.



Sólveig Hjaltadóttir, LL og Kristín Lúðvíksdóttir, SFF.

# Staðan og framtíðarsýn lífeyrismála

## Íslenska lífeyriskerfið í fremstu röð

Ísland tók í fyrsta skipti þátt í Mercer lífeyrissvísitölunni árið 2021 þar sem borin voru saman lífeyriskerfi 43 landa. Ísland var efsta landið í samanburðinum og náði A-einkunn. Einungis tvö önnur lönd, Danmörk og Holland, náðu A- einkunn.

Ljóst er af þessu að íslenska lífeyrissjóðakerfið stendur sterkt og byggir á traustum grunni. Sjóðsöfnun er mikil hér á landi í samanburði við önnur lönd og jafnframt tryggja almannatryggingar ákveðinn grunnlífeyri fyrir þá sem ekki eiga mikil réttindi í lífeyrissjóðum. Þrátt fyrir margar jákvæðar hliðar lífeyriskerfisins hér á landi er kerfið í sífelldri þróun og nýjum tímum fylgja nýjar áskoranir.

## Breytingar á lífslíkum

Reynsla síðustu áratuga sýnir að Íslendingar lifa sífellt lengur. Lengi hefur verið kallað eftir breytingum á því hvernig lífslíkur sjóðfélaga eru metnar og hafa fulltrúar lífeyrissjóða og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) komið þar að. Í lok árs 2021 voru tillögur FÍT um auknar lífslíkur staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Meginbreytingin í nýjum töflum um lífslíkur er að í stað þess að horfa

eingöngu til reynslu undanfarinna ára við mat á meðalævilengd Íslendinga verði framvegis gert ráð fyrir áframhaldandi hækkun lífaldurs. Það þýðir að áætluð ævilengd manns sem er 67 ára í dag verður ekki sú sama og manns sem verður 67 ára eftir 20 ár.

Samkvæmt reglugerð ráðuneytisins hafa lífeyrissjóðir tvö ár til aðlögunar en eftir það ber þeim að reikna skuldbindingar miðað við nýjar lífslíkur. Sumir sjóðir notuðu nýjar lífslíkur við mat á tryggingafræðilegri stöðu strax við árslok 2021 en aðrir hyggja á innleiðingu við árslok 2022 eða á árinu 2023.

Með innleiðingu nýrra taflna um lífslíkur sjóðfélaga er stigið stórt skref í þá átt að tryggja hagsmuni yngri jafnt sem eldri sjóðfélaga og bæta nákvæmni í útreikningum á réttindum.

## Reiknilíkan fyrir íslenska lífeyriskerfið

Lengi hefur verið kallað eftir einhvers konar líkani fyrir íslenska lífeyriskerfið þannig að hægt verði að meta stöðu kerfisins og mögulega þróun til framtíðar. Vinnuhópur innan LL hefur undanfarið unnið að þróun líkans.

Hópin skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, hagfræðingur hjá LL

**Ólafur Örn Jónsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Ragnheiður Helga Haraldsdóttir**, Brú lífeyrissjóði.

Í upphafi hélt hópurinn kynningarfundum með ýmsum hagaðilum: aðilum vinnumarkaðarins, tryggingastærðfræðingum, fulltrúum fræðasamfélagsins og eftirlitsaðilum lífeyrissjóðakerfisins til að fá sem breiðasta sýn á hvaða þætti lífeyriskerfisins væri þörf á að rannsaka.

Í kjölfarið var það mat hópsins að mikilvægast væri að byrja á líkanasmíð fyrir eftirfarandi þætti:

1. Framtíðargreiðslufæði og stærð kerfisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fram í tímann.
2. Nægjanleika lífeyrissparnaðar.


Vinna við fyrsta hlutann er langt komin og verður kynnt að lokinni yfirferð innan hópsins. Líkan fyrir nægjanleika lífeyrissparnaðar krefst ýtarlegra gagna um réttindi sjóðfélaga og áður en lengra

verður haldið þarf að greina hvernig hentugast verður að útbúa gagnasafn um lífeyrisréttindi. Innan háskólasamfélagsins er mikill áhugi á að vinna að rannsóknum tengdum íslenska


lífeyriskerfinu og gæti verið mjög áhugavert að auka samstarf fræðimanna og sérfræðinga lífeyrissjóðanna í þessum efnum. Það samræmist vel stefnu LL að koma að rannsóknum og fræðslu

um lífeyrismál. Reiknilíkan fyrir lífeyriskerfið gæti orðið mjög gagnlegt tæki fyrir alla aðila til að meta stöðu kerfisins og setja ramma um stefnumótun til framtíðar.

### Ævilengd við fæðingu ■ Spátímabil 2020-2070



### Mannfjöldi á Íslandi ■ Spátímabil 2020-2070



## Tölur og gögn um lífeyrismál

Undanfarin ár hafa LL lagt aukna áherslu á aðgengi að gögnum um lífeyrismál og íslensku lífeyrissjóðina. Undir **Tölur og gögn** á heimasíðu samtakanna má finna helstu upplýsingar um lífeyrismál hér á landi. Gögnin byggja að mestu á tölum sem opinberar stofnanir hér á landi birta, m.a. Seðlabankinn, Hagstofan og Tryggingastofnun. Á enskum hluta heimasíðunnar má jafnframt finna helstu upplýsingar um íslensku lífeyrissjóðina undir **Facts and Figures** og eru upplýsingarnar þar einkum hugsaðar fyrir erlenda fræðimenn og sérfræðinga hjá erlendum stofnunum sem hafa áhuga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu og leita eftir aðgengilegum upplýsingum á ensku.

## Hagtölulohópur

Á vegum LL er starfandi hagtölulohópur sem metur hvaða gögn eigi að birta á heimasíðunni og vinnur að bættu aðgengi að tölulegum gögnum.

Hópin skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL

**Sara Jóna Stefánsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

**Þorkell Sigurgeirsson**, LSR

**Þór Egilsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Þórhildur Stefánsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðinum.

Myndir á heimasíðu LL undir **Tölur og gögn** eru hugsaðar til fróðleiks fyrir almenning og stofnanir og er einnig ætlað að efla upplýsta umræðu um lífeyrismál.

## Grænbók stjórnvalda – undirbúningsvinna

Stjórnvöld hafa ítrekað sagt að hefja eigi stefnumótunarvinnu um lífeyrismál í samstarfi við hagsmunaaðila og að afrakstur þess samstarfs verði grænbók um lífeyrismál. Innan Landssamtaka lífeyrissjóða er mikill áhugi á verkefninu og tók Stefán Halldórsson að sér að leiða stýrihóp innan LL um það mál í samvinnu við framkvæmdastjóra LL.

Mikil þekking er innan fastanefnda LL á ólíkum þáttum íslenska lífeyriskerfisins og þegar skriður kemst á málið verður leitað eftir hugmyndum og ábendingum þeirra.

Stýrihópin skipa:

**Stefán Halldórsson** verkefnastjóri, LL

**Arnaldur Loftsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Gylfi Jónasson**, Festu lífeyrissjóði

**Harpa Jónsdóttir**, LSR

**Jóhann Steinar Jóhannsson**, Stapa lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL, hefur einnig starfað með hópnum.



# Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd

**Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að PensionsEurope, samstarfsvettvangi 25 samtaka lífeyrissjóða í 22 ESB- og EFTA-löndum. Þátttakan er í formi áheyrnaraðildar og felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra, s.s. málefnastarfi, sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.**

Aðild að PensionsEurope samtökunum gerir LL fært að fylgjast með helstu stefnum og straumum varðandi lífeyrismál í þessum Evrópuríkjum. Ísland er hluti af innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins og þess vegna varðar reglusetning ESB, tengd starfsemi lífeyrissjóða, okkur beint í mörgum tilfellum.

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar er til kynningar og umræðu málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma í lífeyrismálum. Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: [www.pensionseurope.eu](http://www.pensionseurope.eu).

## Áherslur á árinu – IPE

Tímarit um lífeyrismál, Investments & Pensions Europe (IPE), er gefið út mánaðarlega og þar er fjallað um það sem er efst á baugi í lífeyrismálum í Evrópu ásamt því að vera með nánari greiningu á lífeyriskerfum einstakra landa. Á liðnu ári voru mörg áhugaverð málefni tekin fyrir og má þar meðal annars nefna

- umræður um sam-evrópska lífeyrissjóði, þ.e. sjóði sem geta starfað innan allra ríkja EES.
- samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum og ábyrgð fagfjárfesta.
- tilfærslu sjóða úr jafnri réttindaávinnslu (DB) yfir í aldursháða ávinnslu (DC).
- framtíðarþróun kerfa með miklar skuldbindingar og lágt hlutfall eigna.

## Mercer lífeyrisvísitala

Ísland tók í fyrsta skipti þátt í Mercer lífeyrisvísitölunni árið 2021. Aðilar að þátttöku Íslands voru Landssamtök lífeyrissjóða, Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Í undirkaflanum um Mercer vísitöluna kemur fram

að íslenska lífeyriskerfið var metið efst í samanburði lífeyriskerfa ríkja, einungis tvö önnur lönd, Holland og Danmörk, náðu A-einkunn í vísitölunni.

## CIC – Climate Investment Coalition

Climate Investment Coalition (CIC) eru alþjóðleg samtök sem hafa það markmið að auka fjárfestingar í hreinni orku og öðrum umhverfislausnum og vinna að bættri nýtingu orku til góðs fyrir umhverfið. Samtökin voru stofnuð af samtökum lífeyrissjóða og stjórnvalda í Danmörku en í framhaldinu hafa aðrir lífeyrissjóðir á Norðurlöndum og í Bretlandi bæst í hópinn. Eins og farið var yfir í kaflanum *Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða* hafa 13 íslenskir lífeyrissjóðir sett sér markmið um að auka grænar fjárfestingar í samvinnu við CIC samtökin. Stefna sjóðirnir að því að fjárfesta 580 milljarða króna í verkefnum tengdum umhverfisvænum lausnum og hreinni orkugjöfum til ársins 2030. Framkvæmdastjóri LL kynnti þetta á COP26 ráðstefnunni í Glasgow í byrjun nóvember 2021.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, og Þórey S. Þórðardóttir á COP26 ráðstefnunni í Glasgow.



Caroline Olesen, fulltrúi CIC, og Þórey S. Þórðardóttir.

### Grænar fjárfestingar og sjálfbærnimarkmið

Þessi misserin eiga sér stað miklar og hraðar breytingar í fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða að því er varðar regluverk, viðmið og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og sjálfbærni í rekstri.

Hér hefur erlend þróun mikil áhrif, til að mynda áhrif Parísarsáttmálans um loftslagsmál frá árinu 2015, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og COP fundir SP um loftslagsmál. Þá skiptir þróun á vettvangi ESB íslenska lífeyrissjóði máli þar sem regluverk sambandsins um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er hluti af löggjöf um innri markað sambandsins og fellur þar með undir gildissvið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

Hér koma til að mynda til skoðunar fjölbjóðlegar reglur, staðlar og upplýsingaveitir. Í lok mars sl. kynnti til að mynda „International Sustainability Standards Board“ ([ISSB](#)), sem stofnað var af Alþjóða reikningsskilaráðinu (IFRS) í tengslum við COP26, [tillögur](#) að tveimur fyrstu stöðlum stofnunarinnar um sjálfbærniupplýsingar:

- Drög að staðli fyrir almennar kröfur varðandi birtingu sjálfbærnitengdra, fjárhagslegra upplýsinga „[Draft] [IFRS S1](#) General Requirements for Disclosure of Sustainability-related Financial Information“.
- Drög að staðli fyrir birtingu loftslagstengdra upplýsinga „[Draft] [IFRS S2](#) Climate-related Disclosures“.

Í þessu sambandi er vert að vísa til nýlegra tillagna, „U.S. Securities and Exchange Commission“ ([SEC](#)), sem kynntar voru 21. mars sl. varðandi nýjar reglur um birtingu staðlaðra loftslagstengdra upplýsinga fyrirtækja til handa fjárfestum. Viðbúið er að væntanlegir staðlar ISSB og reglur SEC verði áhrifarík skref til að auka gæði upplýsingagjafar fyrirtækja til fjárfesta varðandi sjálfbærnitengd atriði.

### **Þróun á vettvangi ESB og EES réttar**

Þróun ESB réttar hefur bein áhrif á starfsemi lífeyrissjóða þar sem löggjöf sambandsins varðandi innri markað þess er hluti af gildissviði EES-samningsins.

Hvað fjármáلالöggjöf almennt varðar urðu að lögum á árinu 2021 nokkur frumvörp sem lúta að innleiðingu á eldri tilskipunum og reglugerðum ESB

um innlendan fjármálamarkað. Þar má nefna:

- Lög nr. [20/2021](#) um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu.
- Lög nr. [55/2021](#) um lykilupplýsingaskyldu vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.
- Lög nr. [60/2021](#) um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- Lög nr. [115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Lög nr. [116/2021](#) um verðbréfasjóði.

Löggjöf ESB um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærni þróast hratt þessi misserin og varðar sú þróun starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða beint og óbeint. Grundvallarstefna ESB varðandi þessi mál er „[A European Green Deal](#)“ sem hefur að markmiði að gera Evrópu að fyrstu kolefnishlutlausu heimsálfunni. Stefnan varðar mótun löggjafar á flestum sviðum og kemur m.a. inn á loftslagsmál, orkumál, landbúnað, iðnað, umhverfismál og verndun sjávar, flutninga, fjármál, rannsóknir og frumkvöðlastarfsemi. Varðandi fjármálamarkaði sérstaklega birti ESB [stefnumótun árið 2018](#) sem var uppfærð árið 2021 undir yfirskriftinni „[Strategy for financing the transition to a sustainable economy](#)“.

Hér er vikið að nokkrum mikilvægum gerðum ESB og tillögum sem varða starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða:

- **Lögfesting reglugerða ESB um upplýsingagjöf stofnanafjárfesta varðandi áhættu tengda sjálfbærni og reglugerðar varðandi skilgreiningu á umhverfislega sjálfbærum rekstri.** [Drög að frumvarpi](#) til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar hafa verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Drögin varða innleiðingu á eftirfarandi reglugerðum frá og með næstu áramótum:
  - Reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. Sustainable Finance Disclosure Regulation / SFDR).
  - Reglugerð ESB nr. 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (EU Taxonomy).
- **Fyrirhugað frumvarp um breytingu á hlutafélagalögum um réttindi og skyldur stofnanafjárfesta varðandi stjórnarhætti fyrirtækja.** Í [áætlun](#) um

framlagningu þingmála á haust- og vorþingi Alþingis árið 2022 er gert ráð fyrir frumvarpi til laga um breytingu á hlutafélagalögum um innleiðingu [tilskipunar ESB nr. 2017/828](#) er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (nefnd á ensku: Shareholders Rights Directive II). Breytingarnar munu hafa nokkur áhrif á réttindi og skyldur stofnanafjárfesta, s.s. lífeyrissjóða.

- **Nýjar reglur í farvatninu um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja.**

Á vettvangi ESB er nú unnið að endurskoðun tilskipunar [ESB nr. 2014/95](#) sem fjallar um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga (e. non-financial information). Gildandi tilskipun hefur verið innleidd í íslenskan rétt, m.a. með grein 66-d í lögum um ársreikninga. Greinin varðar bæði lífeyrissjóði beint og mörg þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Yfirskrift draga að nýrri tilskipun er „[Corporate Sustainability Reporting Directive / CSRD](#)“. Gert er ráð fyrir að hún nái til um fimmfalt fleiri fyrirtækja en gildandi reglur, að settir verði formlegir staðlar fyrir birtingu upplýsinga og þær kannaðar af þriðja aðila, svo nokkur atriði séu nefnd.


- **Fyrirhuguð tilskipun ESB um auknar kröfur til fyrirtækja varðandi eftirlit með sjálfbærniþáttum í rekstri.**

Framkvæmdastjórn ESB kynnti nýlega tillögu að nýrri tilskipun um áreiðanleikakönnun varandi sjálfbærni fyrirtækja (e. [Directive on Corporate Sustainability Due Diligence](#)). Gera má ráð fyrir því að tilskipunin hafi þó nokkur áhrif á starfsemi ýmissa fyrirtækja í eignasöfnum lífeyrissjóða.

- **Drög að nýju skilgreiningarkerfi ESB varðandi samfélagalega ábyrgan rekstur.**

Framkvæmdastjórn ESB kynnti í febrúar 2022 [lokaskýrslu](#) um „Social Taxonomy“. Viðbúið er að fyrirhuguð reglugerð varði bæði útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa, t.a.m. útgáfu svonefndra félagslegra skuldabréfa.

### Heildar lífeyriseignir landa innan OECD ■ Árið 2020



### Lífeyriskerfi innan OECD – þróun og úrbætur


Á vegum OECD er gefið út ritið **OECD Pensions at a Glance** þar sem farið er yfir stöðu lífeyrismála í ríkjum OECD. Í ritinu fyrir árið 2021 var fjallað ítarlega um þá þróun sem átt hefur sér stað á lífeyriskerfum ríkjanna innan OECD undanfarin ár.

Í mörgum ríkjum OECD er full þörf á að ráðast í úrbætur í lífeyrismálum. Almenn lifir fólk lengur og færri börn fæðast en áður var. Merki þessa má sjá í flestum ríkjum OECD þótt þróunin sé mislangt á veg komin. Áhrifin eru þau að fólki á vinnumarkaði fækkar hlutfallslega miðað við fjölda eftirlaunafólks. Í ríkjum, þar sem lífeyrisgreiðslur byggjast að mestu á skatttekjum, er því nauðsynlegt að bregðast við til að koma í veg fyrir síaukinn halla ríkissjóðanna í framtíðinni. Ef ekki er brugðist við gæti það gerst að einhver ríki stæðu einfaldlega ekki undir lífeyriskuldbindingum sínum til framtíðar. Vegna þessa er í mörgum ríkjum unnið að breytingum á lífeyriskerfum, meðal annars með því að hækka lífeyrisaldur, lækka lífeyrisgreiðslur og auka hlut sjóðsöfnunar í lífeyriskerfinu.

Þótt almennt sé unnið að hækking lífeyrisaldurs í mörgum ríkjum OECD er einnig til skoðunar snemmtaka lífeyris fyrir ákveðna hópa. Er þá byggt á því að þótt lífaldur flestra hópa fari hækkanði er ekki raunsætt fyrir alla að vinna lengur. Þeir sem eru í líkamlega erfiðum störfum geta þannig í mörgum tilfellum ekki unnið mikið fram yfir 60-65 ára aldur.

Verkefni framtíðarinnar fyrir lífeyrissjóðakerfi OECD-ríkja er að svara því hvernig á að hækka lífeyrisaldur á sama tíma og taka þarf tillit til þarfa mismunandi hópa í samfélaginu.

### Breyting í atvinnuþátttöku fólks á aldrinum 55-69 ára Prósntubreyting yfir 20 ára tímabil, 2000-2020



### Breyttar aðstæður og aukin óvissa

Með innrás Rússlands í Úkraínu hefur óvissa í heimshagkerfinu aukist til muna og breyttar aðstæður munu á einhvern hátt snerta líka lífeyrissjóðina, hvernig svo sem það birtist þeim. Verðbólga hefur farið hækkandi í mörgum löndum og þrýst er á að hækka grunnbætur fyrstu stoðar lífeyris til að bregðast við hækkandi verði á matarkörfu heimila. Í ríkjum, sem nú þegar glíma við vanda vegna van-fjármagnaðra lífeyriskerfa, er erfitt að bregðast við breyttum aðstæðum. Óljóst er til hvaða aðgerða verður hægt að grípa.

### Erlend málefni á vef LL

Á heimasíðu LL, Lífeyrismál.is, má finna gagnlegt efni af erlendum vettvangi á vefsvæðinu **Erlent efni** og þar er jafnframt að finna tengla við framangreint regluverk ESB og rit PensionsEurope. Undir **Tölur og gögn** á vefsíðu LL má einnig finna samanburð lífeyriskerfa á Íslandi og annarra landa.



## LÍFEYRISVÍSITALA MERCER – CFA INSTITUTE

### Ísland í efsta sæti Mercer – CFA Institute lífeyrissvísitölunnar

Mercer ráðgjafarfyrtækið stendur árlega fyrir útgáfu alþjóðlegrar lífeyrissvísitölu þar sem borin eru saman lífeyriskerfi ríkja. Vísitalan nefnist *Mercer-CFA Institute lífeyrissvísitalan* og hefur verið birt í 13 ár. *Mercer* er alþjóðlegt fyrtæki sem sérhæfir sig m.a. í ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana og *CFA Institute* eru óhagnaðardrífir samtök sem vinna að því að auka ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á alþjóðavísu. Vísitalan er öflugt tæki til að meta stöðu lífeyriskerfa í mismunandi löndum og fá úttekt á kerfunum frá hlutlausum aðilum. Árið 2021 tóku 43 lönd þátt í Mercer-CFA vísitölunni og var Ísland með í fyrsta sinn.

### Hvaða þætti metur vísitalan?

Grunnþættir vísitölunnar eru þrír, *nægjanleiki*, *sjálfbærni* og *traust* (e. adequacy, sustainability, integrity) og gefin er einkunn fyrir hvern þeirra. Að mestu er byggt á opinberum gögnum frá OECD og Eurostat en einnig er rétt við sérfræðinga í hverju landi til að fá sem gleggsta mynd af lífeyriskerfi þess. Birtar eru niðurstöður fyrir hvert land í mörgum liðum innan hvers grunnþáttar. Einnig er birt stutt samantekt fyrir hvert land þar sem farið

### Lífeyriskerfi í fremstu röð



Top ranking pension systems in the world, each receiving an A-grade in 2021:



Íslenska lífeyriskerfið var efst í alþjóðlegum samanburði Mercer vísitölunnar. Vísitalan mælir nægjanleika, sjálfbærni og umgjörð lífeyriskerfa í 43 löndum.

er yfir helstu eiginleika lífeyriskerfisins og til hvaða aðgerða sé mögulegt að grípa til að þróa kerfið og hækka einkunn landsins í vísitölunni næstu ár.

### Íslenska lífeyriskerfið í fremstu röð

Ísland var í efsta sæti í Mercer vísitölunni árið 2021 og í næstu sætum fyrir neðan voru Holland og Danmörk. Þessi þrjú ríki fengu A-einkunn og

voru þau einu til að lenda í efsta flokki vísitölunnar þegar lögð voru saman stig fyrir hvern grunnþátt lífeyriskerfanna. A-einkunn merkir að lífeyriskerfi sé fyrsta flokks, greiði góðan lífeyri, sé sjálfbært til langs tíma og njóti trausts. Hin Norðurlöndin fengu B og B+ einkunn.

### Kynjamunur í lífeyriskerfum landa innan OECD

Í skýrslu Mercer var farið sérstaklega yfir kynjamun í lífeyriskerfum þátttökulanda og byggði greiningin á útreikningum OECD sem birtir voru fyrr á árinu 2021. Samkvæmt niðurstöðum OECD er meðallífeyrir kvenna lægri en meðallífeyrir karla í öllum lífeyriskerfunum og er munurinn mestur í Japan en minnstur í Eistlandi. Ísland er í fjórða sæti í þessum samanburði með um 13,2% mun árið 2017. Helstu ástæður kynjamunarins eru styttri starfsævi og/eða tímabundin fjarvera kvenna af vinnumarkaði sem jafnframt dregur úr möguleikum á stöðu- og launahækkun, lægri laun í hefðbundnum kvennastéttum og hærra hlutfall kvenna í hlutastörfum.

### Styrkleikar íslenska lífeyriskerfisins

Góð heildarútkoma íslenska lífeyriskerfisins byggðist á því að Ísland fékk góða útkomu í mörgum þáttum vísitölunnar og aldrei mjög slæma útkomu í einstökum þáttum. Ísland var í efsta sæti í flokkunum *nægjanleiki* og *sjálfbærni*, sem vega þyngst í vísitölunni, en í sjöunda sæti hvað varðar *traust* (e. integrity).

Í ávarpsorðum David Knox, sérfræðings hjá Mercer, í upphafi skýrslunnar eru eftirfarandi skýringar gefnar á góðu gengi Íslands í vísitölunni:

- Tiltölulega ríflegur grunnlífeyrir frá almannatryggingum.
- Allt launafólk greiðir í samtryggingarsjóði og iðgjaldaþrósentan er tiltölulega há sem þýðir að verulegar eignir eru lagðar til hliðar fyrir framtíðina.
- Góðir stjórnarhættir og regluverk lífeyrissjóða í kerfi með góða eiginleika.

Í skýrslunni er einnig farið yfir hvernig hægt væri að hækka heildareinkunn Íslands enn frekar:

- Minnka skuldir heimila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Hækka lífeyristökualdur til samræmis við hækkandi lífslíkur.
- Minnka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Aðrir þættir úr niðurstöðum Íslands sem vert væri að rýna nánar í framtíðinni:

- Bæta mætti miðlun upplýsinga til nýrra sjóðfélaga.
- Foreldrar, sem eru utan vinnumarkaðar vegna umönnunar barna, ávinna sér ekki lífeyrisréttindi.
- Óljósar heimildir til að taka áunnin lífeyrisréttindi með í útreikninga á eignaskiptum við hjónaskilnað.
- Traustari ákvæði í lög og regluverk sem skylda lífeyrissjóði til að gæta að sjálfbærniþáttum í fjárfestingum.

### Kynningarfundur með niðurstöðum Mercer vísitölunnar fyrir Ísland

Eftir að niðurstöður Mercer vísitölunnar lágu fyrir boðuðu Landssamtök lífeyrissjóða til kynningarfundar. Þar fór Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL, yfir helstu niðurstöður vísitölunnar fyrir Ísland og fór einnig yfir fyrri rannsóknir á íslenska lífeyriskerfinu í samanburði við önnur lönd. Var það niðurstaða Stefáns að gott gengi Íslands í Mercer vísitölunni ætti ekki að koma á óvart, fyrri rannsóknir hefðu bent til þess að lífeyriskerfið hér á landi stæði sterkt í samanburði við önnur lönd.

Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur stýrði fundinum og var helstu hagaðilum boðið að senda fulltrúa til umræðna um íslenska lífeyriskerfið og niðurstöður Mercer vísitölunnar. Þeir voru:

- **Sigríður Lillý Baldursdóttir**, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.
- **Hilmar Harðarson**, formaður Samiðnar og fulltrúi Alþýðusambands Íslands.
- **Friðrik Jónsson**, formaður Bandalags háskólamanna.
- **Gunnar Björnsson**, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

- **Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.
- **Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

Fundurinn var mjög vel sóttur og sköpuðust líflegar umræður um núverandi stöðu íslenska lífeyriskerfisins og sýn fulltrúanna á framtíðarþróun kerfisins.



Stefán Halldórsson sérfræðingur hjá LL fór yfir helstu niðurstöður í upphafi fundarins.




Benedikt Jóhannesson var fundarstjóri.



Áheyrundur í sal.



Sigríður Lillý Baldursdóttir og Friðrik Jónsson.



Gunnar Baldvinsson, Haukur Hafsteinsson, Arnaldur Loftsson og Árni Guðmundsson.



Gunnar Björnsson og Halldór Benjamín Þorbergsson.

# Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

**Helstu opnu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi. Vegna aðstæðna í samfélaginu og fjöldatakmakana vegna Covid-19 voru margir fundir og viðburðir rafrænir.**

## 2021

**31. maí:** Aðalfundur LL 2021 á Grand hóteli. Fundurinn var að meginstefnu til fjarfundur vegna Covid-19 ráðstafana og gildandi fjöldatakmakana. Því var atkvæðagreiðsla rafræn og fyrirspurnir bárust með rafrænum hætti. Að aðalfundarstörfum loknum voru flutt tvö framsöguerindi. Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL, fjallaði um mótun framtíðarsýnar lífeyriskerfisins og Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur fjallaði um reiknilíkan *FÍT um lækkandi dánartíðni og viðbrögð lífeyrissjóða*.

**3. júní:** Opinn morgunverðarfundur um lágvaxtaumhverfið á vegum LL, SFF og KPMG. Þetta var að miklu leyti til staðfundur en var einnig streymt. Markmið fundarins var að opna umræðu um lágvaxtaumhverfið og áhrif þess á fjármálaþjónustu og fjárfestingarstefnu fagfjárfesta.

**2.- 4. júní:** Félagsmálaskóli alþýðu, í samstarfi við LL, stóð fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats Fjármálaeftirlits SÍ.

**15. júní:** Fundur stjórnar LL og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða á Grand hóteli þar sem Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur fór yfir tillögur lífnefndar FÍT um aðlögun á réttindakerfum lífeyrissjóða. Einnig kynntu Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur og Arnór Ingi Finnbjörnsson aðra nálgun að aðlögun réttindakerfa lífeyrissjóða vegna hækkandi lífaldurs.

**24. júní:** Fulltrúar LL áttu fund með lánshæfismatsfyrirtækinu Moody's.

**24. júní:** Upplýsinga- og umræðufundur um rafrænar þinglýsingar.

**6. september:** Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar LL ásamt framkvæmdastjórum lífeyrissjóðanna á Grand hóteli í Reykjavík. Á fundinum var rætt um hækkandi lífaldur, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og gjaldeyrisáhættu.

**13. september:** Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur LL, kynnti íslenska lífeyrissjóðakerfið fyrir Félagi danskra tryggingahagfræðinga – Foreningen af Forsikringsøkonomer – á Hilton Nordica hótelinu.

**14. september:** Fulltrúar LL áttu fund með lánshæfismatsfyrirtækinu Fitch.

**28. og 29. september:** Framkvæmdastjóri LL kynnti helstu starfsemi samtakanna fyrir stjórn og starfsmönnum Gildis- lífeyrissjóðs.

**7. október:** IPE (Investment & Pensions Europe) stóð fyrir ráðstefnu um lífeyrismál í Hörpu.

**19. október:** Fræðsla á vegum Félagsmálaskóla alþýðu, í samstarfi við LL, um áhrif nýrrar löggjafar um persónuvernd á lífeyrissjóði. Leiðbeinandi var Sigurður Kári Tryggvason lögmaður.

**27. október:** Málþing á vegum LL um niðurstöður Mercer lífeyrissvísitölunnar á Grand hóteli. Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL, fór yfir helstu niðurstöður Mercer og í kjölfarið voru umræður með aðkomu hagaðila lífeyrissjóðakerfisins. Fundarstjóri var Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur.

**28. október:** Námskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu. Lífeyrisréttindi – uppbygging og samspil. Leiðbeinandi Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.

**2. nóvember:** Framkvæmdastjóri LL ávarpaði loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP26, í Glasgow og kynnti áform íslenskra lífeyrissjóða um stórauðnar grænar fjárfestingar í samstarfi við alþjóðlegu samtökin Climate Investment Coalition.

**15. nóvember:** Fræðsluerindi um hækkandi lífslíkur þar sem Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur fór yfir áhrif þess að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatölur fyrir lífeyrissjóði.

**16. nóvember:** Fundur var haldinn í Seðlabankanum þar sem óskað var eftir samtali við fulltrúa lífeyrissjóða til að ræða fyrirhugaðar breytingar á reglum um vexti og verðtryggingu. Á fundinn mættu Kristjana Sigurðardóttir, forstöðumaður eignastýringar hjá Almenna lífeyrissjóðnum og framkvæmdastjóri LL.

**22. nóvember:** Námskeið um áhættu í starfi lífeyrissjóða í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu.

**22. nóvember:** Fræðsluerindi um hækkandi lífslíkur þar sem Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur fór yfir áhrif þess að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatölur fyrir lífeyrissjóði.

**23. nóvember:** Fræðsla um áhættustýringu og innra eftirlit lífeyrissjóða á vegum Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL. Leiðbeinandi Agni Ásgeirsson, þáverandi forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR.

**23. nóvember:** Aukaaðalfundur stjórnar LL. Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarmaður LL, óskaði eftir að víkja úr stjórn eftir farsæla stjórnarsetu og stjórnarformennsku. Í hennar stað kom Jón Ólafur Halldórsson, stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

**24. nóvember:** Fjarfundur með fræðsluerindi um hækkandi lífslíkur þar sem Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur fór yfir áhrif þess að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatölur fyrir lífeyrissjóði.

**24. nóvember:** Fulltrúar Howden á Íslandi kynntu þjónustu sína á Íslandi.

**25. nóvember:** LL stóðu fyrir fræðslufundi um líkanagerð fyrir lífeyriskerfi í samstarfi við atvinnu- og félagsmálaráðuneyti Tékklands og rannsóknarstofnunina Erudicio.

## 2022

**19. janúar:** Fundur með fulltrúum PeRCent, rannsóknarstofnunar innan Copenhagen Business School í Kaupmannahöfn, um mögulega aðkomu LL að rannsóknum tengdum lífeyrismálum.

**19. janúar:** Fulltrúar Howden kynntu netárásatryggingar.

**1. febrúar:** Fundur á vegum Stjórnvísi um loftslagsaðgerðir og markmið á nýju ári. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL var meðal framsögumanna.

**2. febrúar:** Tryggingamiðlarar Howden kynntu stjórnendatryggingu fyrir fulltrúum lífeyrissjóða sem hafa sameiginlega ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda.

**9. febrúar:** Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL, hélt kynningu á Lífeyrisviti fyrir félaga Bandalags háskólamanna. Kynningin var á fjarfundi.

**24 febrúar:** Námskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL um uppbyggingu lífeyrisréttinda á Íslandi. Leiðbeinandi var Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.

**1. mars:** LL stóðu fyrir málstofu í samstarfi við Seðlabanka Íslands undir yfirskriftinni *Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóða* á Grand hóteli. Áhugi á ráðstefnunni var mikill og áhugaverð erindi frá innlendum og erlendum fyrirlesurum.

**2. mars:** Kynningarfundur frá breska fyrirtækinu ClearGlass um afurð þess við mat á fjárfestingarkostnaði sem ber nafnið Cost Transparency Initiative. Fundurinn var haldinn á Hilton Nordica.

**3. mars:** Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum lánshæfismatsfyrirtækisins Fitch.

**11. mars:** Arnór Finnbjörnsson hjá Talnakönnun kynnti aðferðir til að aðlaga réttindakerfi lífeyrissjóða að hækkandi lífaldri. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og sem fjarfundur.

**14. mars:** Starfshópur skipaður af borgarstjóra vinnur að greiningu á sveigjanlegum starfslokum hjá Reykjavíkurborg og mætti framkvæmdastjóri LL á fund hópsins.

**13. apríl:** Fundur í Seðlabanka Íslands sem haldinn var að beiðni LL vegna ummæla sem höfð voru eftir seðlabankastjóra á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um hlutverk og stöðu lífeyrissjóða á lánamarkaði.

**25. apríl:** Fundur haldinn á vegum Félags vélstjóra og málmtæknimanna um áskoranir lífeyrissjóðakerfisins vegna hækkandi lífaldurs. Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur var með framsögu og tók framkvæmdastjóri LL þátt í umræðum.

**26. apríl:** Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, kynnti skýrslu um gjaldmiðlaáhættu lífeyrissjóða. Pallborðsumræða í kjölfarið undir stjórn Þórðar Snæs Júlíussonar þar sem Harpa Jónsdóttir frá LSR, Gylfi Zoëga frá HÍ og Ólafur Sigurðsson frá Birtu lífeyrissjóði tóku þátt. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli og einnig var hægt að fylgjast með honum á streymi.

**3. maí:** Fundur haldinn að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem farið var yfir stöðu lífeyrissjóðanna og erlendar og innlendar fjárfestingar.

**4. maí:** Framkvæmdastjóri LL var með erindi á fundi rótarífélagsins Borgir þar sem hún fjallaði um lífeyriskerfið hér á landi.

**11. maí:** Opinn kynningarfundur á Lífeyrisviti þar sem Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL var með framsögu.

### Lífeyrisvit á starfsárinu 2021-2022

Auk fjölsótttrar kynningar hjá BHM voru margar kynningar á Lífeyrisviti á starfsárinu fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir. Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri LL, sá um kynningar sem ýmist voru staðfundir, fjarfundir eða hvort tveggja í senn.




# Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

## Lífeyrissjóður

## Hrein eign 31.12.2020

## % af heildareignum

|                                                 |                      |             |
|-------------------------------------------------|----------------------|-------------|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins             | 1.167.885.627        | 20,4%       |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna                   | 1.013.229.024        | 17,7%       |
| Gildi - lífeyrissjóður                          | 764.133.360          | 13,4%       |
| Birta lífeyrissjóður                            | 491.394.054          | 8,6%        |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                       | 334.610.746          | 5,8%        |
| Almenni lífeyrissjóðurinn                       | 309.560.381          | 5,4%        |
| Stapi lífeyrissjóður                            | 295.868.100          | 5,2%        |
| Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga    | 287.840.856          | 5,0%        |
| SL lífeyrissjóður                               | 208.365.451          | 3,6%        |
| Festa - lífeyrissjóður                          | 206.572.972          | 3,6%        |
| Lífswerk lífeyrissjóður                         | 123.035.136          | 2,2%        |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn                      | 117.583.456          | 2,1%        |
| Lífeyrissjóður bankamanna                       | 91.089.848           | 1,6%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar    | 87.082.961           | 1,5%        |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja                    | 70.384.067           | 1,2%        |
| Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna EFÍA          | 49.869.005           | 0,9%        |
| Lífeyrissjóður bænda                            | 40.377.896           | 0,7%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands | 26.035.323           | 0,5%        |
| Lífeyrissjóður Rangæinga                        | 16.268.547           | 0,3%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar       | 13.490.104           | 0,2%        |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands          | 7.869.303            | 0,1%        |
|                                                 | <b>5.722.546.216</b> | <b>100%</b> |





LANDSSAMTÖK LÍFEYRISJÓÐA

# Ársreikningur 2021

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2021 voru aðildarsjóðir 21. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvári lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2021 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur samtakanna árið á undan. Samkvæmt

rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 130,0 millj. kr. og tap af rekstrinum var 18,2 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 78,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 96,7 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2022  
Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

**Hilmar Harðarson**

**Gylfi Jónasson**

**Arnaldur Loftsson**

**Erla Jónsdóttir**

**Halldóra Káradóttir**

**Harpa Jónsdóttir**

**Ingibjörg Ólafsdóttir**

**Jón Ólafur Halldórsson**

**Valmundur Valmundsson**

Framkvæmdastjóri:

**Þórey S. Þórðardóttir**

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2022

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2021

|                                                       | Skýr. | 2021                 | 2020               |
|-------------------------------------------------------|-------|----------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                                 |       |                      |                    |
| Árgjöld .....                                         | 1b    | <u>130.000.000</u>   | <u>130.000.000</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                  |       |                      |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....                        | 2     | 95.811.017           | 87.240.746         |
| Annar rekstrarkostnaður .....                         | 3     | 52.593.343           | 35.344.571         |
| Afskriftir.....                                       | 4     | <u>345.480</u>       | <u>0</u>           |
|                                                       |       | <u>148.749.840</u>   | <u>122.585.317</u> |
| <b>Rekstrar(-tap) hagnaður.....</b>                   |       | ( 18.749.840)        | 7.414.683          |
| Vaxtatekjur .....                                     |       | 590.275              | 915.910            |
| Vaxtagjöld .....                                      |       | ( 5.642)             | ( 9.087)           |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b> |       | <u>584.633</u>       | <u>906.823</u>     |
| <b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>                    | 6     | <u>( 18.165.207)</u> | <u>8.321.506</u>   |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

|                                    | Skýr. | 2021              | 2010               |
|------------------------------------|-------|-------------------|--------------------|
| <b>Eignir</b>                      |       |                   |                    |
| Rekstrarfjármunir .....            | 4     | 3.800.285         | 0                  |
| Eignarhlutur í félagi .....        | 5     | 672.208           | 672.208            |
| Fastafjármunir samtals             |       | <u>4.472.493</u>  | <u>672.208</u>     |
| Handbært fé .....                  |       | 92.442.809        | 111.393.999        |
| Veltufjármunir samtals             |       | <u>92.442.809</u> | <u>111.393.999</u> |
| <b>Eignir samtals</b>              |       | <u>96.915.302</u> | <u>112.066.207</u> |
| <br><b>Eigið fé</b> .....          | 6     | <u>78.546.142</u> | <u>96.711.349</u>  |
| <br><b>Skuldir</b>                 |       |                   |                    |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....       |       | 18.369.160        | 15.354.858         |
| Skammtímaskuldir samtals           |       | <u>18.369.160</u> | <u>15.354.858</u>  |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> |       | <u>96.915.302</u> | <u>112.066.207</u> |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

|                                                | Skýr. | 2021                      | 2020                      |
|------------------------------------------------|-------|---------------------------|---------------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                      |       |                           |                           |
| (Tap) hagnaður ársins .....                    | 5     | ( 18.165.207)             | 8.321.506                 |
| Afskriftir .....                               |       | 345.480                   | 0                         |
| Veltufé (til) frá rekstri                      |       | <u>( 17.819.727)</u>      | <u>8.321.506</u>          |
| <br>Breytingar rekstartengdra eigna og skulda: |       |                           |                           |
| Skammtímaskuldir, hækkun .....                 |       | 3.014.302                 | 188.553                   |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum  |       | <u>3.014.302</u>          | <u>188.553</u>            |
| Handbært fé (til) frá rekstri                  |       | <u>( 14.805.425)</u>      | <u>8.510.059</u>          |
| <br><b>Fjárfestingarhreyfingar</b>             |       |                           |                           |
| Keyptir rekstrarfjármunir .....                |       | <u>( 4.145.765)</u>       | <u>0</u>                  |
| Fjárfestingarhreyfingar                        |       | <u>( 4.145.765)</u>       | <u>0</u>                  |
| <br><b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b> |       | <b>( 18.951.190)</b>      | <b>8.510.059</b>          |
| <br><b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>       |       | <b><u>111.393.999</u></b> | <b><u>102.883.940</u></b> |
| <br><b>Handbært fé í árslok .....</b>          |       | <b><u>92.442.809</u></b>  | <b><u>111.393.999</u></b> |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs- reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## b. Innlausan tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2021 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2019. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð nam 325 þús. kr.

## c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

## d. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                                                   | 2021              | 2020              |
|-------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun stjórnar og varastjórnar .....                               | 13.244.450        | 12.205.500        |
| Laun formanna fastanefnda .....                                   | 5.552.500         | 5.677.500         |
| Laun og hlunnindi starfsmanna .....                               | <u>58.393.480</u> | <u>51.773.091</u> |
| Laun samtals .....                                                | <u>77.190.430</u> | <u>69.656.091</u> |
| Launatengd gjöld .....                                            | <u>18.620.587</u> | <u>17.584.655</u> |
| Laun og launatengd gjöld samtals .....                            | <u>95.811.017</u> | <u>87.240.746</u> |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf ..... | 3,2               | 3,0               |

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinist þannig:

|                                                                                  |            |            |
|----------------------------------------------------------------------------------|------------|------------|
| Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....                                    | 31.606.296 | 28.813.704 |
| Hilmar Harðarson, formaður stjórnar og samskiptanefndar .....                    | 2.656.000  | 675.500    |
| Guðrún Hafsteinsdóttir, fyrrv. formaður stjórnar og samskiptanefndar .....       | 1.965.000  | 3.406.500  |
| Gylfi Jónasson, varaformaður .....                                               | 1.810.500  | 1.703.250  |
| Erla Jónsdóttir .....                                                            | 1.526.200  | 1.135.500  |
| Arnaldur Loftsson .....                                                          | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Halldóra Káradóttir .....                                                        | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Harpa Jónsdóttir .....                                                           | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Ingibjörg Ólafsdóttir .....                                                      | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Valmundur Valmundsson .....                                                      | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður réttindanefndar .....                          | 724.500    | 0          |
| Jón Ólafur Halldórsson .....                                                     | 207.000    | 0          |
| Erla Ósk Ásgeirsdóttir.....                                                      | 100.000    | 140.250    |
| Hulda Rós Rúriksdóttir .....                                                     | 48.250     | 94.250     |
| Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....                                                  | 103.500    | 48.250     |
| Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða ..... | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar .....                                    | 1.207.000  | 1.135.500  |
| Snædís Ögn Flosadóttir, formaður fræðslunefndar .....                            | 1.207.000  | 289.500    |
| Jakob Tryggvason .....                                                           | 0          | 460.000    |
| Þóra Jónsdóttir, fyrrv. formaður réttindanefndar .....                           | 0          | 1.135.500  |
| Ágústa Gísladóttir, fyrrv. formaður fræðslunefndar.....                          | 0          | 846.000    |

### 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

|                                                               | 2021              | 2020              |
|---------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Kynningamál, almannatengsl og auglýsingakostnaður .....       | 12.016.858        | 9.802.840         |
| Húsaleiga .....                                               | 4.626.546         | 3.308.508         |
| Annar húsnæðiskostnaður .....                                 | 643.628           | 698.116           |
| Kostnaður vegna flutninga .....                               | 10.546.551        | 0                 |
| Pappír, prentun, ritföng .....                                | 551.983           | 768.777           |
| Símakostnaður og burðargjöld .....                            | 532.335           | 493.204           |
| Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt .....                   | 1.315.417         | 1.075.058         |
| Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða .....        | 1.873.287         | 7.346.394         |
| Aðkeypt þjónusta endurskoðenda, bókhald og launavinnsla ..... | 2.290.838         | 1.236.966         |
| Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga .....                    | 7.784.765         | 4.106.815         |
| Ferðakostnaður .....                                          | 640.918           | 286.596           |
| Fundir, ráðstefnur, risna, styrkir og námskeið .....          | 4.069.675         | 2.718.671         |
| Félagsgjöld .....                                             | 2.148.338         | 1.856.313         |
| Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki .....                      | 487.796           | 217.876           |
| Starfsmannakostnaður .....                                    | 1.239.260         | 975.203           |
| Annar kostnaður .....                                         | 1.825.148         | 453.229           |
| Annar rekstrarkostnaður samtals .....                         | <u>52.593.343</u> | <u>35.344.571</u> |

#### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

#### Áhöld og tæki

|                               |                  |
|-------------------------------|------------------|
| Keypt á árinu .....           | 4.145.765        |
| Stofnverð 31.12.2021 .....    | <u>4.145.765</u> |
| Afskrifað á árinu .....       | 345.480          |
| Afskrifað 31.12.2021 .....    | <u>345.480</u>   |
| Bókfært verð 31.12.2021 ..... | <u>3.800.285</u> |
| Afskriftahlutföll .....       | 20%              |

#### 5. Áhættufjármunir


Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

#### 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                           | Stofnfé           | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals           |
|---------------------------|-------------------|------------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1.2021 .....   | 24.416.897        | 72.294.452             | 96.711.349        |
| Tap ársins .....          |                   | ( 18.165.207)          | ( 18.165.207)     |
| Eigið fé 31.12.2021 ..... | <u>24.416.897</u> | <u>54.129.245</u>      | <u>78.546.142</u> |





# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða · Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 563 6450 · Kt. 450199-2069 · ll@ll.is

[www.ll.is](http://www.ll.is)